

Ársskýrsla 2006

Stjórn Samtaka iðnaðarins 2006



Helgi Magnússon
formaður



Hörður Arnarson
varaformaður
Marel hf.




**Aðalheiður
Héðinsdóttir**
ritari
Kaffitár ehf.



Anna María Jónsdóttir
Laugar Spa ehf.



**Sigurður Bragi
Guðmundsson**
Plastprent hf.



Loftur Árnason
Ístak hf.



Ingvar J. Kristinsson
Landsteinar Strengur hf.

Árið 2006 hélt stjórn Samtaka iðnaðarins 12 stjórnarfundi, fjallaði um og afgreiddi fjölda mála af margvíslegum toga. Áhersla hefur verið lögð á gott sambandi við félagsmenn. Meðal annars fór stjórnin í allnokkrar heim-sóknir á árinu og má þar nefna ferð að Kára-hnjúkum, ferð til Akureyrar þar sem Gluggar ehf., SS Byggir og Norðurmjólk voru heimsótt, auk Háskólans á Akureyri og Iðnaðarsafnsins. Stjórnin heimsótti líka Alcan í Straumsvík og Mjólkursamsóluna í Reykjavík. Hún hélt einnig fund með ráðgjafaráði og formönnum aðildar-félaga í byrjun maí. Þá taka stjórnarmenn að sér margvísleg störf fyrir Samtökin.



Þorsteinn Víglundsson
BM Vallá ehf.

Fólk og auðlindir

Samtök iðnaðarins fást við margvísleg verkefni. Ársskýrslan, sem hér er fylgt úr hlaði, ber fjölbreyttum hagsmunum iðnaðarins og starfsemi okkar vitni. Samtök iðnaðarins vinna stöðugt að því að bæta rekstrarumhverfi iðnaðarins og telja að árangur í þeim efnum sé nauðsynleg forsenda þess að það takist að skapa farsæld til framtíðar í íslensku samfélagi.

Framþróun og hagsæld

Það er eftirtektarvert hversu stórstígar framfarir hafa orðið á síðustu 10 til 15 árum í íslensku atvinnulífi. Nánast er hægt að tala um hljóðláta byltingu. Undirstöður efnahags okkar hvíla á fleiri og traustari stöðum en nokkru sinni áður. Miklu skiptir að okkur takist að varðveita þann árangur og byggja á honum frekari framfarir og hagsæld. Alþjóðleg samkeppni krefst þess að hvergi sé slakað á. Þótt við getum verið stolt af árangri okkar megum við ekki gleyma því að aðrar þjóðir sækja einnig fram og það gildir ekki síst um þjóðir í suðri og austri.

Margir samverkandi þættir ráða því hvernig okkur tekst upp á komandi árum. Þar ræður ekki síst hvernig okkur tekst að rækta mannauð okkar og nýta gjöfular náttúruauðlindir sem við erum svo lánsöm að búa að. Það er því engin tilviljun að þessi málefni eru Samtökum iðnaðarins hugleikin og hafa verið fyrirferðarmikil í starfsemi þeirra.

Mannauðinn verður að rækta

Augljóst er að í framtíðinni verður að knýja hagnöxt á Íslandi af fyrirtækjum sem skapa mikinn virðisauka og flytja afurðir sínar og þjónustu að verulegu leyti á erlenda markaði og reka starfsstöðvar víða um heim. Fyrirtæki af því tagi reiða sig í ríkum mæli á vel

menntað starfsfólk af öllu tagi, þó ekki síst í alls kyns raun-, verk- og tækni-greinum.

Mikilvægasta uppspretta menntunar og mannauðs í víðum skilningi er skilvirkt og skapandi menntakerfi. Mikil gróska hefur verið á þeim vettvangi undanfarin ár, sérstaklega á þeim sviðum þar sem skapast hefur samkeppni milli skóla og atvinnulífið hefur komið að málum. Íslendingum hefur ekki tekist að skipa sér í fremstu röð í árangri í raungreinum á öllum skólastigum. Þar verður við að gera stóráttak með það að markmiði að efla raungreinakennslu og bæta árangur nemenda.

Háskólar gegna mikilvægu hlutverki við rannsóknir og nýsköpun til hagsbóta fyrir samfélagið allt, ekki síst í atvinnulífinu. Þennan þátt má alls ekki vanrækja. Þarna verða til hugmyndir að nýsköpun í atvinnulífinu og úr þeim jarðvegi spretta mikilvæg nýsköpunar- og sprotafyrirtæki. Hvort tveggja þarf að gera í senn, veita almennt meira fé til rannsókna í háskólum og stórefla jafnframt samkeppnissjóði.

Auka verður þátt atvinnulífsins í stjórnun skóla sem sinna þörfum þess fyrir menntun og skapandi starfsfólk. Í því felst sameiginlegur ávinningur stjórnvalda, atvinnulífs, skóla og nemenda. Þess vegna leggja Samtök iðnaðarins mikla áherslu á margvíslegt samstarf og tengsl við menntakerfið og þau taka nú þátt í rekstri skóla og endurmenntunarstarfi. Ennfremur vinna Samtök iðnaðarins nú, ásamt öðrum, að því að sameina Iðnskólann í Reykjavík og Fjöltækniskólann.

Erfitt verkefni en nauðsynlegt

Eitt erfiðasta úrlausnarefnið sem við stöndum frammi fyrir er að skapa sátt um skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda og ná jafnvægi milli verndar og nýtingar. Samtök iðnaðarins hafa lagt sitt af mörkum til þess að efla yfir-



vegaða umræðu um þessi efni. Hvorki er skynsamlegt að neita að horfast í augu við að nýting náttúruauðlindanna er okkur nauðsyn né að hunsa sjónarmið um að í sumum tilvikum er besta nýtingin fólginn í að hrófla ekki við náttúruperlum.

Það verður að viðurkenna að hægt hefur gengið að vinna heimavinnuna í þessum efnum og það á sinn þátt í þeim deilum sem við stöndum nú frammi fyrir. Af þeim sökum verður að vinna að stefnumótun og sátt um auðlindanýtinguna eins hratt og kostur er. Of langt er að bíða til ársins 2010 eftir nýtingar- og verndaráætlun. Henni þarf að ljúka mun fyrr og eyða verður þeirri óvissu sem nú ríkir bæði um verndun landsvæða og stöðu þeirra sem hyggja á nýtingu auðlinda.

Eðlilegt er að stjórnvöld setji reglur og ramma um nýtingu orkulinda en fyrirtæki í einkaeigu sjái um að beisla þær en greiði fyrir nýtingu. Það á að gilda um allar auðlindir. Skoða á vandlega hvort ekki sér rétt að auðlindagjald renni í sjóð, m.a. til að efla rannsóknir og nýsköpun í háskólum og atvinnulífinu. Auðlindasjóðurinn yrði í eigu allra Íslendinga.

Tískuteymi í Höllinni



Hátt í átta þúsund konur sóttu viðburðinn KONAN í Laugardalshöll helgina 20. til 22. október. Í boði var fjöldi fyrirlestra og tískusýninga og á annað hundrað aðilar kynntu vörur og þjónustu sérstaklega ætlaða konum. Tískuteymi Samtaka iðnaðarins, fagfélög og fyrirtæki tóku þátt í viðburðinum með sameiginlegum bás og glæsilegri tískusýningu á sviði Hallarinnar.

Tískuteymi SI fengu til liðs við sig nokkrar núverandi og/eða verðandi þingkonur og fagfólk tískuteymanna fór höndum um þær fyrir sýninguna. Afraksturinn var svo kynntur á sviði við mikinn fögnuð viðstaddra.


Útboðsþing gefur góða yfirsýn

Útboðsþing var að vanda haldið á Grand Hótelu í janúar. Þingið var hið tíunda sem Samtök iðnaðarins standa fyrir ásamt Félagi vinnuvélaeigenda og mannvirki. Útboðsþing er ávallt vel sótt og hefur skipað sér fastan sess í hugum margra. Það eru ekki eingöngu félagsmenn Samtaka iðnaðarins sem sækja þingið heldur einnig aðilar frá hagdeildum banka og verkfræðistofa.

Óhætt er að segja að Útboðsþing sé eini vettvangurinn hér á landi þar sem hægt er að fá góða yfirsýn yfir verkframboð hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga. Þar skapast líka vettvangur til skoðanaskipta og getur auðveldað bæði verkkaupum og verktökum að skipuleggja framkvæmdir sínar með hliðsjón af framkvæmdum annarra.

Heildarfjárhæð útboða, sem kynnt voru, nam um 78 milljörðum króna en það er um 62% hækkun frá fyrra ári en þó voru kynnt nokkur verkefni án kostnaðaráætlunar. Framkvæmdir orku-

fyrirtækja vógu þyngst, ekki síst við Kárahnjúkavirkjun og Hellisheiðarvirkjun. Á meðfylgjandi mynd sést að vöxtur er hjá nánast öllum aðilum milli ára-anna 2005 og 2006.



Ríkið á kafi í upplýsingatækni

Samtök iðnaðarins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið fengu ráðgjafafyrirtækið Intellecta til að kanna umfang upplýsingatækni innan stofnana ríkisins.

Meðal annars var aflað upplýsinga um umfang hugbúnaðargerðar og rekstrarþjónustu hjá ríkisstofnunum og voru stöðugildi, sem fara í slíka vinnu, notuð sem mælikvarði. Kaup á hugbúnaðargerð og rekstrarþjónustu voru könnuð og einnig almennt viðhorf til útvistunar bæði á hugbúnaðargerð og rekstrarþjónustu.

Fjöldi fólks og mikið fé

Helstu niðurstöður eru þær að stöðugildi slíkra starfa innan ríkisstofnana árið 2006 eru alls um 330, þar af 115 í hugbúnaðargerð og 215 í rekstrarþjónustu. Stöðugildum í hugbúnaðargerð hefur fjölgað um tæp 15% frá árinu

2004. Fjárfesting vegna kaupa á upplýsingatækni árið 2006 er um 2,4 milljarðar, þar af 1,5 milljarðar í hugbúnaðargerð og um 900 milljónir í rekstrarþjónustu.

Vilji er fyrir hendi

Meirihluti ríkisstofnana telur hentugra að útvista hugbúnaðargerð en hafa hana innanhúss en hins vegar vilja fleiri frekar hafa rekstrarþjónustu innanhúss en útvista henni. Niðurstöður könnunarinnar leiða m.a. í ljós að ríkisstofnanir virðast almennt hlynntar því að kaupa meira af hugbúnaði og rekstrarþjónustu en verið hefur. Niðurstöður könnunarinnar gefa sterkar vísbendingar um að mikil tækifæri eru til útvistunar á upplýsingatækniverkefnum hjá opinberum aðilum og könnunin því mikilvægt innlegg vegna framkvæmdar útvistunarstefnu ríkisins.

Söfnun og endurvinnsla úrgangs

Í ársbyrjun 2006 var úrvinnslugjald lagt á umbúðir úr pappa, pappír og plasti. Framkvæmdin var nokkuð flókin og krafðist breytinga hjá fjölda fyrirtækja. Samtökin unnu með úrvinnslusjóði við að kynna og innleiða nýtt fyrirkomulag. Gefið var út kynningarefni, haldnir voru kynningarfundir í Reykjavík og á Akureyri og farið í fyrirtækjaheimsóknir. Breytingarnar gengu að mestu snurðulaust fyrir sig og strax mátti sjá aukinn áhuga á söfnun á umbúðum um allt land. Næsta skref í þessum málaflokki er að innleiða tilskipun um framleiðendaábyrgð á raftæki og rafeindatæki.



Tekist á um nýtingu og vernd náttúruauðlinda

Á liðnu hausti efndu Samtök iðnaðarins til tveggja funda um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda sem Samtökin þau meðal mikilvægustu umræðu- og úrlausnarefna samtímans. Umræðan um þau verður því að vera málefnaleg og yfirveguð. Leita verði leiða til að nýta auðlindirnar eins og kostur er en jafnframt að gæta nauðsynlegs hófs til að spilla ekki náttúrunni um of.

Fundirnir voru afar vel sóttir og meðal fundarmanna voru stjórnendur og starfsmenn fjölda iðnfyrirtækja, starfsmenn ýmissa ráðuneyta og jafnt fylgjendur virkjana- og stóriðjustefnu sem eldheitir náttúruverndarsinnar. Umræður á fundunum voru snarpar og fjörugar enda tekist á um grundvallaratriði. Á fyrri fundinum var auglýst eftir stefnu stjórnvalda í þessum málum og jafnframt spurt hvort hægt væri að sætta sjónarmið um nýtingu og verndun.

Rammaáætlun grundvöllur sáttar

Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra lagði áherslu á að verndun og nýting náttúruauðlinda væru tvær hliðar á sama máli. Tímabili stórvirkjana væri lokið en þau verkefni sem nú væru á döfinni væru á vegum heimamanna undir stjórn sjálfstæðra fyrirtækja en ekki á forræði iðnaðarráðuneytisins og næsta verkefni

væri að gera rammaáætlun um nýtingu og verndun náttúruauðlinda og það ætti að geta stuðlað að víðtækri sátt meðal þjóðarinnar um þessi mál. Nú væri stefnan ekki á stóriðju heldur fjölbreytni í stórum sem smáum þekkingarfyrirtækjum með vísindi, fræði og nýsköpun í fyrirrúmi.

Kettlingurinn vill verða köttur

Andri Snær Magnason, höfundur bókarinnar Draumalandsins, gagnrýndi stefnu stjórnvalda harkalega og sagði m.a. að þau væru á rangri braut með virkjunar- og stóriðjustefnu sinni. Íslendingar ættu margar aðrar auðlindir sem unnt væri að virkja – ekki síst mannauðinn. Hann benti á að við ættum fagurt land og góða ímynd og hefðum einstakan aðgang að heiminum til að stunda hvers kyns viðskipti. Orðstír Íslendinga væri í hættu með sama

áframhaldi og það væri eðli álfyrirtækja að stækka því að kettlingurinn vildi verða köttur. Við værum komin að efri mörkum orkuforðans. Verið væri að ráðstafa öllum orkulindum Íslands og binda hendur okkar næstu áratugina. Verið væri að gera íslensku þjóðina háða erlendum álfyrirtækjum og núverandi stefna væri ekki að leið til sáttar.

Markaðslausnir bestar

Illugi Gunnarson, hagfræðingur hélt því fram að það væri bæði hægt að vera hægri maður, markaðs- og umhverfis-sinni. Hann taldi að markaðslausnir væru heppilegri en þær sem kæmu frá ríkisvaldinu því að þá nýttist þekking mjög margra. Stjórnvöldum bæri hins vegar fyrst og fremst að sjá til þess að markaðirnir virkuðu sem skyldi. Hann taldi einnig lykilatefni að almannavaldið gæti skilgreint hvað skuli kallað umhverfisvænt til að hjálpa markaðnum að rata rétta leið og þar með tengt markaðinn og umhverfisvernd. Umhverfisvernd væri nú samofin efnahagsstefnunni og Íslendingar gerðu sér æ meiri grein fyrir því. Illugi taldi umræðuna á réttri leið og mikilvægt að náttúruvernd væri ekki háð skoðanakönnunum eða ástandinu í efnahagsmálum. Þessi mál ætti að nálgast þannig að þegar við hefðum nýtt landið, sem við fengum frá foreldrum okkar, ættum við að skila því í eins góðu lagi og hægt væri til næstu kynslóðar.

Er sátt í sjónmáli

Gott tækifæri gafst til þess að boða til framhaldsfundar í ljósi nýrrar skýrslu nefndar iðnaðarráðherra en þar er fjallað um framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda og vatnsafls. Boðað var til fundar undir yfirskriftinni „Er sátt í sjónmáli?“ Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins sagði skýrsluna



Pallboð fyrri fundar: Andri Snær Magnason, Jón Sigurðsson og Illugi Gunnarsson

Þess eðlis að full ástæða væri til að halda áfram þeirri umræðu sem hófst á fyrri fundinum enda brýnt að ná sáttum um stefnu.

Stjórnámamenn byggi brýr

Jónína Bjartmarz utanríkisráðherra sagði m.a. að friðun landslags væri skemmra á veg komin en önnur friðun hér á landi en unnið væri að því að koma á skipulegu neti verndarsvæða. Enn hefði ekkert svæði þó verið friðlýst. Með lögnum frá 1994 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefði verið stigið stórt skref í þá átt að horfa til sjónarmiða umhverfis og náttúru og það væri ekki lítill ávinningur. Undir lok máls Jóníu gætti nokkurs sáttatóns þegar hún sagði það verkefni stjórnámamanna að byggja brýr milli ólíkra hagsmuna og skoðana og aðeins með því væri hægt að segja að sátt væri í sjónmáli.

Ekki grundvöllur sátta

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, taldi hins vegar ólíklegt að sátt næðist á grundvelli skýrslunnar en vonandi næðist samt sátt um aðferð eða sambúð. Formleg staða rammaáætlunar væri hins vegar engin og á grundvelli hennar gæti því engin sátt verið í sjónmáli. Árni taldi að ný stóriðja ætti að greiða mengunarkvóta og borga fyrir að fá að menga eins og hver annar iðnaður. Hann taldi að gera ætti kröfu um að allar virkjunarframkvæmdir yrðu stöðvaðar í 5-10 ár og gera vandaða náttúruverndar- og nýtingaráætlun sem byggðist á náttúruvernd og gagnsæi við undirbúning ákvarðanatöku.

Sameiginlegar auðlindir verði lagðar í sjóð í eigu þjóðarinnar

Víglundur Þorsteinsson stjórnarformaður BM.Vallár taldi nauðsynlegt að breið sátt næðist um skynsamlega nýtingu og verndun náttúruauðlindanna og hana væri að finna innan núgildandi löggjafar. Hann lagði til að grunnur yrði lagður að sátt með víðtækum rannsókn-um til að finna bestu leiðirnar að því



Pallboð seinni fundar: Árni Finnsson, Jónína Bjartmarz og Víglundur Þorsteinsson

marki og íslenskt atvinnulíf þyrfti að laga sig að nýjum aðstæðum. Að síðustu varpaði Víglundur fram hugmynd, sem vakti mikla athygli, í þá veru að allar sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar yrðu lagðar í félag sem yrði sameign þjóðarinnar og hluthafar yrðu allir Íslendingar sem byggju á Íslandi hverju sinni. Lögbundið yrði að sjóðurinn greiddi hluthöfum sínum árlegan arð sem næmi 30-35% af hagnaði sínum

eftir skatt en meginávinningurinn yrði að færa þessi mál nær þjóðinni og heim í hérað.

Á báðum fundunum kom skýrt fram að enn ber talsvert í milli varðandi verndun og nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi. Umræðunni um þau mál er því hvergi nærri lokið og búast má við að áfram verði tekist á um hvað eigi að virkja og hvað eigi að vernda.

Bakarar semja um rafmagnsverð

Í kjölfar breytinga á raforkumarkaði í ársbyrjun 2005 hækkaði raforkuverð til bakaríá umtalsvert. Landssamband bakarameistara, LABAK, ályktaði um þetta mál á aðalfundi sínum 2006 og mótmælti þeirri miklu hækkun sem orðið hefði á verði á raforku til bakaríá frá því ný raforkulög tóku gildi.

Í kjölfarið leitaði Landssambandið leiða til að ná hagkvæmum samningi um orkukaup til bakaríá. Samtök iðnaðarins og LABAK unnu saman að málinu og leiddi sú vinna til þess að skrifað var undir samning í nóvember milli Hitaveitu Suðurnesja og Landssambands bakarameistara um raforkukaup. Gerður var rammamningur um kjör sem félagsmönnum LABAK stendur til boða hjá Hitaveitunni. Samningurinn er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi þar sem samið er við hóp fyrirtækja á þeirri forsendu að saman séu þau stórnotandi. Bakarí hafa tiltekið notkunarmynstur og tekur samningurinn mið af þeirra þörfum. Í samningnum eru ákvæði bæði um verð og þjónustu. Fjöldi bakara hefur nú þegar snúið viðskiptum sínum til Hitaveitu Suðurnesja.



Gengisvísitala krónunnar frá ársbyrjun 2004



Áfram sveiflur og óvissa

Eftir samfellda styrkingu krónunnar frá árinu 2001 gaf gengi hennar verulega eftir í febrúar 2006. Í kjölfar þess að margir erlendir greiningaraðilar og matsfyrirtæki birtu mat sitt á íslensku efnahagslífi og stöðu fjármálakerfisins féll gengi krónunnar um tæp 30% á stuttum tíma. Afleiðing gengisfallsins var óhjákvæmilegt verðbólguþot sem náði hámarki í 8,6% í ágúst. Hagkerfið þarf um eitt ár til að jafna sig á slíku skoti miðað við tólf mánaða breytingu á vísitölu neysluverðs. Margt í þessari gagnrýni reyndist ekki á rökum reist og gekk veiking krónunnar að nokkru til baka þegar leið á árið. Að meðaltali var gengi krónunnar 12% veikara árið 2006 en árið á undan en svipað og árið 2004. Meðaltalið segir hins vegar lítið þegar sveiflur innan ársins eru mjög miklar.

Verðbólga gæti minnkað tímabundið

Verðbólga tók að minnka nokkuð seinni hluta ársins 2006 vegna þess að gengi krónunnar styrktist nokkuð á ný en ekki síður vegna lækkandi olíuverðs auk þess sem fasteignaverð hætti að hækka. Horfur eru á að verðbólga minnki verulega á árinu 2007, ekki þó vegna minnkandi spennu í efnahagslífinu heldur vegna þess að lækkun á virðisaukaskatti á matvæli hefur mikil áhrif auk þess sem raunverð húsnæðis gæti lækkað lítillega. Búast má við að verðbólga aukist á ný þegar lækkun

matvælavæðs hættir að hafa áhrif í verðbólguþotum enda er atvinnuleysi mjög lítið og talsverð spennu á vinnumarkaði.

Bjartsýni og háir vextir

Geysilegur kraftur og bjartsýni hefur einkennt efnahagslífið hér á landi síðustu misseri. Hagvöxtur hefur verið mikill og afkoma flestra fyrirtækja og heimila batnað. Þótt ýmsar ógnir steðji að efnahagslífinu virðist mikil bjartsýni ríkja enn um sinn. Bjartsýnin kemur kannski best fram í því að hvorki fyrirtæki né heimili virðast láta ógnarháa vexti og talsverða verðbólgu setja sig út af laginu. Þessi bjartsýni og vöxtur eru í raun þvert á viðteknar kenningar hagfræðinnar um áhrif vaxta – almennt ætti sparnaður að aukast, neysla að minnka og fjárfestingar að dragast saman.

Gölluð peningastefna

Skýringin á þessari þversögn liggur í skipulagi peningamála á Íslandi. Vaxtahækkunarvalda því að gengi krónunnar styrkist verulega en við það verður allur innflutningur ódýrari. Þar sem hann er mjög stór hluti einkaneyslunnar eykst kaupgeta almennings þvert á markmið peningamálastefnunnar. Við þetta bætist að þegar fjármagnsflutningar eru frjálsir geta stærri fyrirtækin komist undan okurvöxtunum og fjármagnað sig í útlöndum. Þannig

brjótast þau undan

peningamálastefnunni. Þeir einu, sem raunverulega hagnast á háum vöxtum á Íslandi, eru bankarnir og erlendir spákaupmenn. Þeir hafa fært mikið fé inn í hagkerfið, ekki til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi heldur til að hirða vaxtamuninn.

Segja má að erlendir spákaupmenn haldi Seðlabankanum í gíslingu og að hann geti ekki byrjað að lækka vexti þótt efnahagsleg rök mæli með því. Ástæðan er sú að lækkun vaxta minnkar vaxtamuninn og þá verða erlendir aðilar fljótir að yfirgefa stöður sínar í krónum. Við það getur krónan veikst skyndilega og því fylgir óhjákvæmilega verðbólguþot. Vaxtalækkun getur því ýtt undir verðbólgu. Af þessum sökum á Seðlabankinn enga auðvelda leið út úr því hávaxtaumhverfi sem skapast hefur hérlendis vegna þeirrar hagstjórnar sem beitt hefur verið síðustu misseri. Þrátt fyrir vanda Seðlabankans má búast við að vextir hafi náð hámarki og taki að lækka hægt og sigandi þegar líða tekur á árið 2007.

Aukin umræða um evru

Umræða um íslensku krónuna, stöðu hennar og framtíð er afar mikilvæg. Hún vekur upp spurningar um hvernig hagstjórn þarf að beita til að skapa samkeppnishæf starfsskilyrði. Reynsla síðustu missera sýnir svo að ekki verður um villst að þetta hefur mistekist – aðhald ríkissjóðs hefur verið ónógt og úr takti við tilraunir Seðlabankans til að hemja verðbólgu. Sveitarfélögin hafa leikið lausum hala í hagstjórninni og afdrifaríkar breytingar voru gerðar á Íbúðalánasjóði árið 2004. Því skal engan undra þótt umræða um upptöku evru hafi verið fyrirferðarmikil í ljósi mikillar verðbólgu, hárra vaxta og mikilla sveiflna í gengi krónunnar. Hins vegar er það engin skammtímalausn að taka upp evru. Aftur á móti er nauðsynlegt að taka sem fyrst ákvörðun um aðild að Evrópusambandinu og setja stefnuna á evruna og taka að haga hagstjórninni í samræmi við þau markmið.



Samstarf þakkað
Vilmundur Jónsson og Valgerður Sverrisdóttir

Breytingar á toppnum

Á Iðnþingi 17. mars 2006 lét Vilmundur Jónsson af störfum sem formaður Samtaka iðnaðarins eftir sex ára formennsku. Vilmundur hafði raunar setið í stjórn Samtaka iðnaðarins allt frá stofnun eða önnur sex ár og þar á undan í stjórn Félags Íslenskra iðnrekenda um skamma hríð fyrir stofnun Samtaka iðnaðarins.

Farsæll formaður

Ekki fer milli mála að Vilmundur hefur með störfum sínum og framkomu unnið sér ákaflega mikið traust félagsmanna og starfsmanna Samtaka iðnaðarins. Um það vitnar glæsileg kosning hans til formennsku ár eftir ár. Mikil eindrægni og samstaða hefur verið í stjórn Samtakanna undir hans forustu.

Vilmundi eru enn og aftur færðar þakkir fyrir mikið og gott starf í þágu Samtaka iðnaðarins en hann er þó ekki hættur í félagsmálastarfinu því að hann er varaformaður stjórnar Samtaka atvinnulífsins og situr þar í framkvæmdastjórn en tekur auk þess áfram virkan þátt í starfi Samtaka iðnaðarins.

Ráðherra hættir

Um miðjan júní lét Valgerður Sverrisdóttir af starfi iðnaðar- og viðskiptaráðherra en því starfi hafði hún gegnt frá ársbyrjun árið 2000. Samtök iðnaðarins hafa allan þann tíma átt mikið og gott samstarf við Valgerði og starfsfólk hennar í ráðuneytinu. Samskipti og skoðanaskipti milli ráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins hafa verið mikil á þessu tímabili og skilað góðum árangri á mörgum sviðum.

Samtök iðnaðarins þakka Valgerði fyrir gott samstarf og árna henni allra heilla í framtíðinni.

Námsefnisgerð í vökva- og kælitækni

Undanfarna mánuði hefur verið unnið mikið starf innan mál- og véltækni-sviðs IÐUNNAR fræðsluseturs. Annars vegar var unnið að endurskoðun alls námsefnis vökvatækninámskeiða og hins vegar að gerð nýrrar námskrár í kæli- og frystivélavirkjun í samvinnu við Fjöltækniskólann.

Auk þess að semja námsefnið hefur

IÐAN keypt sérhæfðan kennslubúnað frá FESTO í Þýskalandi sem er mjög viðurkennt fyrirtæki á þessu sviði. Þau námskeið voru áður í þremur áföngum en með hinu nýja námsefni og viðeigandi kennslubúnaði fjölga þeim í sex og er hvert þeirra um 40 kennslustundir.

Hin nýja námskrá í kæli- og frysti-

vélvirkjun miðar að því að standast nýjar alþjóðlegar kröfur hvað varðar uppsetningu og meðferð kælimiðla. Samkvæmt reglugerð er kæli- og frystivélavirkjun löggilt iðngrein og verður að fullnægja þeim kröfum sem Ísland hefur gengist undir með alþjóðasamningum.

Mistök við endurskoðun stuðningsumhverfis

Í inngangi ársskýrslu Samtaka iðnaðarins fyrir árið 2005 gerði þáverandi formaður, Vilmundur Jósefsson, að umræðuefni að löngu væri tímabært að móta heildstæða stefnu sem tekur til allra þátta þeirrar starfsemi sem stjórnvöld koma að og er ætlað að styðja við það markmið að efla atvinnulíf til nýsköpunar og vaxtar og þar með til aukinnar hagsældar fyrir landsmenn. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafði þá kynnt fyrstu hugmyndir um slíka endurskiplagningu.

Samráð í skötulíki

Því miður varð samráð ráðuneytisins við Samtök iðnaðarins og önnur samtök í atvinnulífinu minna en lagt var upp með í byrjun. Tillögurnar litu svo dagsins ljós í formi frumvarps til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, atvinnuþróun og nýsköpun en þar er gert ráð fyrir að setja á fót nýja ríkisstofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fljótlega varð ljóst að ekki var mikill einhugur um þær tillögur sem hér voru fram komnar. Tillögurnar gera ráð fyrir sameiningu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar Íslands undir samheitinu Íslenskar tæknirannsóknir en um þá sameiningu var og er góð samstaða, þótt Samtök iðnaðarins hefðu talið eðlilegra og betra að rannsóknastofnanir á matvælasviði yrðu hluti af þeirri sameiningu. Öllu umdeildara er þó að Bygðastofnun á að verða hluti af nýrri stofnun. Fæstir sjá hvar samlegðaráhrifin í þeirri sameiningu liggja.

Ekki stjórnlaus ríkisstofnun

Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á vörpingi 2006 og var lagt fram að nýju á haustþingi talsvert breytt og endurbætt en kom engu að síður ekki til afgreiðslu fyrir áramót. Í sameiginlegri umsögn LÍÚ, SA, SF og SI um seinna frumvarpið kemur m.a. fram hörð gagnrýni á það stjórnskipulag Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem lagt er upp með. Samkvæmt tillögum á stofnunin að vera án stjórnar en forstjóri heyrir beint undir ráðherra. Fyrirhugað er að setja upp fjölmenna en valdalaus ráðgjafanefnd fyrir Íslenskar tæknirannsóknir. Samtökin leggja á það áherslu í umsögn sinni að Íslenskar tæknirannsóknir ættu að vera í hlutafélagsformi eins og ákveðið var þegar matvælarannsóknir voru sameinaðar í Matís ohf. Óþarfi sé að bíða til ársloka árið 2009 með að taka ákvörðun um rekstrarformið. Þá leggja samtökin í umsögn sinni áherslu á sjálfstæði Tæknipróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins svo og samtengingu háskóla og rannsóknastofnana.

Hætta verður hólfaskiptingu

Að lokum er rétt að vitna til ummæla Vilmundar Jósefssonar í síðustu ársskýrslu en þar segir m.a. „Hætt er við að endurskiplagning stoðkerfis atvinnulífsins verði hvorki fugl né fiskur ef haldið verður áfram hólfaskiptingu sjálfs stjórnarráðsins sem ber svip af samsetningu atvinnulífsins á árum áður. Fyrsta skrefið í endurskiplagningunni ætti því að vera að setja á fót eitt atvinnuvegaráðuneyti til að auka skilvirkni í starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Núverandi aðgreining er löngu úrelt, hefur margvísleg neikvæð áhrif á ákvarðanir stjórnvalda og veldur skaða og mismunur í atvinnulífinu.“

Þörf fyrir gerðardóm í mannvirkjagerð

Í mars stóðu Samtök iðnaðarins og Verkfræðingafélag Íslands fyrir ráðstefnu um gerðardóm í mannvirkjagerð. Aðdragandi ráðstefnunnar var sá að nefnd hafði unnið að endurskoðun á Gerðardómi Verkfræðingafélags Íslands og tók fulltrúi SI virkan þátt í því starfi.

Samtök iðnaðarins hafa fundið fyrir því í daglegu starfi sínu hve erfitt getur reynst að leysa úr deilumálum sem rísa vegna verksamninga. Úrræði hafa verið fá og nánast engin nýtt nema hin dýra og oft seinfarna dómstólaleið. Í stöku tilvikum leggja menn traust sitt á matsgerðir fyrir héraðsdómi en þau úrræði eru alls ekki fullnægjandi. Gerðardómur Verkfræðingafélagsins, sem IST-30 vísar til, er eina skilgreinda ferlið sem gert er ráð fyrir en hann hefur nánast ekkert verið nýttur síðastliðin 20 ár. Það er öfugt við það sem tíðkast almennt á Vesturlöndum þar sem gerðardómar eru alla jafna mikið notaðir.

Engar tiltækar tölur eru til um það hversu mikill kostnaður fellur á fyrirtæki, sveitarfélög og opinbera aðila vegna smárra og stórra deilumála um efni samninga og útfærslur sem erfitt hefur reynst að leiða farsælega til lykta. Vafalaust er að um mikla fjármuni er að tefla og því hafa Samtök iðnaðarins talið nauðsynlegt að koma á einfaldri og skilvirkri leið sem væri ódýrari og tæki styttri tíma en dómstólaleiðin. Stofna þarf hlutafélag um gerðardóm fyrir verklegar framkvæmdir og eigendur slíks félags gætu verið Samtök iðnaðarins, opinberir verkkaupar og félög ráðgjafarverkfræðinga.



Matvælaverð lækkar

Matvælaverð var mikið til umfjöllunar á árinu, bæði hjá stjórnvöldum og í fjölmiðlum. Í desember árið 2005 birti Samkeppniseftirlitið niðurstöður könnunar sem unnin var í samstarfi við samkeppniseftirlit annars staðar á Norðurlöndum. Könnunin leiddi í ljós að verð á matvörum í verslunum á Íslandi var 42% hærra en í löndum Evrópusambandsins og að vöruval í stórmörkuðum á Íslandi og í Noregi var mun minna en í löndum ESB. Innflutningshömlur á búvörum voru

taldar helsta ástæðan fyrir þessum mikla mun á verðlagi. Jafnframt boðaði Samkeppniseftirlitið að það hygðist leggja ríka áherslu á eftirlit með samkeppnisháttum á matvörumarkaði og kynnti sér í kjölfarið sjónarmið hagsmunaaðila í málinu. Könnunin vakti mikla athygli og var mikið um hana fjallað í fjölmiðlum.

Burt með vörugjöld og eitt þrep í vaski

Þetta varð til þess að forsætisráðherra skipaði í ársbyrjun 2006 nefnd, undir stjórn hagstofustjóra, til að fjalla um orsakir matvælaverðs og koma með tillögur til úrbóta. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar ráðuneyta, atvinnurekenda, launþega og bænda. Nefndin hélt fjölda funda og kallaði eftir álit fjölmargra hagsmunaaðila. Fulltrúar Samtaka iðnaðarins fóru á fund nefndarinnar 16. febrúar og lögðu fram greinargerð þar sem aðaláhersla var lögð á að færa öll matvæli í sama virðisaukaskattsþrep og fella niður vörugjöld af matvælum. Samtökin bentu á að ekki einungis leggst vörugjaldið ofan á verð matvæla og margfaldast reyndar upp með álagningu og virðisaukaskatti heldur fylgir því líka mikið og flókið skrifræði sem kostar óhemju vinnu og peninga.

Eins og kunnugt er náði matvælaverðsnefndin ekki sameiginlegri niðurstöðu og fór svo að hagstofustjóri lagði fram eigin skýrslu til stjórnvalda í júlí. Þar gerði hann grein fyrir störfum nefndarinnar og mat áhrif af tillögum sem nefndin fjallaði um en það voru einkum afnám vörugjalds og tolla, samræming virðisaukatts í 14% og lækkun virðisaukatts af veitingaþjónustu.

Róttækar lagabreytingar

Tillögur, sem ríkisstjórnin lagði til á grundvelli skýrslunnar, voru róttækari en flesta óraði fyrir. Í árslok samþykkti Alþingi lög sem mæla fyrir um að frá og með 1. mars 2007 verði vörugjöld felld niður af öllum matvælum nema sykri og sætindum og virðisaukaskattur verði 7%. Jafnframt verði virðisaukaskattur af veitingaþjónustu og hótalgistinu, bókum, tímaritum og geisladiskum færður í sama þrep. Allar þessar breytingar telja Samtökin vera mjög af hinu góða en hefðu óneitanlega viljað sjá vörugjöldin hverfa af öllum matvælum.

Verðlagsþróun undir smásjóni

Verslanakeðjur leggja mikla áherslu á að geta sýnt fram á lækkun um leið og breytingarnar taka gildi. Þær hafa því lagt að framleiðendum og heildsölum að stilla verðhækkunum í hóf. Samtökin hvetja að sjálfsögðu félagsmenn sína til að hækka verð ekki umfram það sem nauðsynlegt er og framleiðendur hafa lagt kapp á að hagræða í rekstri til að komast hjá verðhækkunum. Hagstofan hefur reiknað út að breytingarnar, sem verða 1. mars, muni lækka matvælaverð um 8,7%. Nú er þess beðið í ofvæni hvort breytingarnar skila sér alla leið til neytenda og hafa stjórnvöld lagt áherslu á að fylgja því eftir.



Verk og vit

Fjöldmenn var við opnun sýningarinnar Verks og vits 2006 sem fram fór í nýju Íþrótt- og sýningahöllinni í Laugardal fimmtudaginn 16. mars. Sýningin, sem er sjálfstætt framhald Construct North, var öll hin veglegasta en um 120 fyrirtæki tóku þátt í henni að þessu sinni. SI lögðu áherslu á að kynna margvíslega þjónustu sem félagsmönnum stendur til boða, s.s. áfangaskipta gæðavottun SI og mikilvæg námskeið um kröfur verkkaupa. Einnig var lögð áhersla á að veita almenningi upplýsingar um mikilvægi þess að skipta við meistara við verklegar framkvæmdir.

Er útboðsmarkaðurinn heilbrigður?

Í tengslum við sýninguna stóðu Samtök iðnaðarins fyrir ráðstefnu þar sem spurt var hvort íslenskur útboðsmarkaður væri heilbrigður. Markmiðið með ráðstefnunni var að kynna reynslu verktaka af að starfa í núverandi útboðsumhverfi. Samtök iðnaðarins hafa barist fyrir því að verkkaupar leggi fram skýrar og skiljanlegar meginlínur í útboðsgögnum og að eftir þeim sé farið. Kallaðir voru til fulltrúar verktakafyrirtækja, eftirlitsaðila og lögfræðinga til að segja sitt álit á málefninu.

Í stuttu máli sagt komust allir ræðumenn að þeirri niðurstöðu að margt mætti bæta á útboðsmarkaðnum, bæði útboðsgögn og útboðsferli. Á hvoru tveggja væru miklar brotalamir. Þau tækifæri, sem lög, reglur og staðlar bjóða til að leysa ágreiningsmál, væru ekki nýtt og verktakar gerðu sér ekki nægilega grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir bera, s.s. varðandi byggingarstjórn og öryggismál.

Samtök iðnaðarins vinna áfram að úrlausn þeirra atriða sem ræðumenn gerðu að umtalfni og geta stuðlað að því að gera útboðsmarkaðinn heilbrigðari en nú er raunin. Fundarsóknin sýndi glögg að áhugi manna á málefninu er mikill og full ástæða til að taka til hendinni enda miklir fjármunir í húfi í verklegum framkvæmdum fyrir tugi milljarða ár hvert.



Nýta ber ráðgjafanefndir við iðnskóla

Iðn- og verkmenntaskólar hafa almennt ekki nýtt sér sem skyldi ákvæði í lögum um framhaldsskóla en þau heimila að komið verði á fót ráðgjafanefnd við skólana með þátttöku fulltrúa atvinnulífsins á starfssvæði skólanna. Nefndunum er ætlað „að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs og ýta undir frumkvæði þeirra við þróun starfsnám ...“, eins og segir í 30. grein laganna. Hugmyndin, sem að baki liggur, er að tryggja góð tengsl viðkomandi starfsgreina og skóla báðum aðilum til hagsbóta.

Skólanefnd Borgarholtsskóla í Reykjavík taldi að þarna væri góð leið til að fá til liðs við sig fulltrúa iðngreina sem kenndar eru við málmdeild skólans. Áður en óskað var eftir formlegri til-



nefningu fulltrúa í fyrstu nefndina í blikksmíði var talið nauðsynlegt að setja skýrar starfsreglur fyrir ráðgjafanefndir af þessu tagi. Svo var gert og hlutu þær viðurkenningu menntamálaráðuneytisins. Á þeim grundvelli hóf ráðgjafanefndin í blikksmíði störf og vann mikið og gott starf með skólanum en þess sér nú stað í hinni glæsilegu blikksmíðadeild við Borgarholtsskóla.

Nú er í undirbúningi að koma á fót ráðgjafanefnd í stálsmíði við Borgarholtsskóla. Iðnskólinn í Hafnarfirði hefur einnig sett á laggirnar tvær ráðgjafanefndir, aðra fyrir vélvirkjun og hina fyrir rennismíði. Vonandi er að allir iðn- og verkmenntaskólar taki upp þann sið.

Ályktun Iðnbings 17. mars 2006

Atvinnustarfsemi er undirstaða velferðar hvers þjóðfélags. Mikilvægast er að efnahagslegur stöðugleiki sé tryggður með náinni samvinnu ríkis, sveitarfélaga og Seðlabanka. Öll ríki keppast um að búa atvinnulíf sitt sem best undir að takast á við hnattvæðinguna og nýta þau tækifæri sem í henni felast. Stjórnvöld og samtök í atvinnulífi þurfa í samningu að móta stefnu um þróun atvinnulífsins í opinni og óheftri samkeppni framtíðarinnar. Hvorki stjórnvöld né samtök eiga hins vegar að mæla fyrir um hvaða atvinnurekstur á að stunda eða hafa bein afskipti af honum. Enn síður á hið opinbera að sinna verkefnum sem eru betur komin hjá einkaaðilum og gætu þar leitt til meiri ávinnings fyrir báða aðila. Hlutverk stjórnvalda er að skapa starfsskilyrði til að hér verði framsækið og samkeppnishæft atvinnulíf sem skilar miklum virðisauka. Leggja ber áherslu á að laða hingað til lands og halda fast í störf sem skapa nauðsynleg verðmæti til að standa undir þeim kröfum sem við gerum um laun og lífskjör.

Arðsemi og samkeppnishæfni eiga að ráða hvaða atvinnustarfsemi er stunduð hér á landi og stjórnvöld verða að gæta jafnræðis og forðast sértækar aðgerðir sem valda misvægi í atvinnulífinu. Mistök í sameiginlegri hagstjórn ríkis, sveitarfélaga og Seðlabanka eiga stærstan þátt í þeim

vanda sem samkeppnis- og útflutningsgreinarnar eiga við að etja. Því er rangt að stilla hátækni og stóriðju upp sem andstæðum eins og borið hefur á undanfarið.

Stoðkerfi atvinnulífsins þarf að taka til endurskoðunar. Það á að vera almennt og gegnsætt. Sértækar aðgerðir til stuðnings atvinnulífi sem byggjast á mismunun fyrirtækja eftir staðsetningu eða atvinnugreinum, eru hvorki vænlegar til árangurs né í takt við tímann. Markmiðin eiga að vera skýr og samræmd. Einingarnar eiga að vera nægilega öflugar til þess að sinna hlutverki sínu og verkaskipting skýr milli þriggja stoða sem eru styrkjakerfi, ráðgjöf og áhættufjárfestingar. Endurskipulagningin á að hvíla á hornsteinum á borð við Tækniþróunarsjóð og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Halda á áfram að efla Nýsköpunarsjóð og auka sjálfstæði hans undir stjórn atvinnulífsins. Lagst er gegn öllum hugmyndum um að leggja sjóðinn undir nýja ríkisstofnun.

Hverfa verður frá hólfaskiptingu stjórnarráðsins sem ber svip af atvinnulífi liðinnar aldar. Eitt atvinnuvegaráðuneyti þarf til að auka skilvirkni í stoð- og starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Núverandi skipan er löngu úrelt, hefur margvísleg neikvæð áhrif á ákvarðanir stjórnvalda og veldur skaða og mismunun í atvinnulífinu.

Sótt að áliðnaði

Óhætt er að fullyrða engin atvinnugrein hafi sætt jafn harðri gagnrýni úr mörgum áttum og áliðnaðurinn gerði á síðasta ári. Þar veða líklega þyngst umdeildar virkjanaf framkvæmdir og umhverfisáhrif þeirra. Einnig bar mikið á fullyrðingum þess efnis að uppbygging áliðnaðar væri að ryðja öðrum greinum í burtu, sérstaklega hátækniíðnaði. Það er athyglisvert að þessu tvennu skuli vera stillt upp sem ósamrýmanlegum andstæðum því að fátt styður við slíkar fullyrðingar.

Alls ekki álið eitt

Ekki er um það deilt að hátækniíðnaður, einkum fyrirtæki í útflutningi og sprotafyrirtæki, hefur átt undir högg að sækja síðustu misserin. Sérstaklega hafa hátt gengi, miklar gengissveiflur og háir vextir reynst þung í skauti. Að svo miklu leyti, sem hægt er að rekja sterkt gengi krónunnar til uppbyggingar stóriðjunnar, fær fullyrðingin staðist. Að öllu öðru leyti er rangt að uppbygging stóriðju vinni gegn öðrum greinum atvinnulífsins. Aðrir þættir geta haft mun meiri áhrif á gengi, s.s. breytingar á íbúðalánamarkaði. Einnig gleymist gjarnan að stór hluti fjárfestinga í ál- og orkuverum fer til erlendra verktaka og kemur því aldrei inn í íslenska

hagkerfið. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur tekið undir þessi sjónarmið.

Viðskiptahallinn á sér aðrar rætur

Talsverður viðskiptahalli er óhjákvæmilegur fylgifiskur byggingar ál- og orkuvera. Það er hins vegar góðkynja viðskiptahalli þar sem hann skapar útflutningstekjur í framtíðinni. Hallinn er þar að auki minni en margir halda. Áætlað er að fjárfesting árið 2006 hafi í þessum greinum numið 113 milljörðum og að um 65% hennar komi að utan. Viðskiptahallinn er áætlaður um 16% af landsframleiðslu. Seðlabanki Íslands áætlað að um 28% hallans sé vegna byggingar ál- og orkuvera. Stærstur hluti hallans er því af öðrum orsökum, þvert á það sem oft er haldið fram.

Viðsnúningur í vændum

Í lok ársins lauk Norðurál við að stækka verksmiðju sína úr 90.000 í 220.000 tonn og önnur 40.000 tonn bætast við árið 2007. Í apríl 2007 er áætlað að framleiðsla hefjist í álveri Alcoa á Reyðarfirði og að framleiðslugetan verði 346.000 tonn á ári. Miðað við núverandi álverð og gengi dollarans má gera ráð fyrir að sú breyting ein muni skila þjóðarþúinu um 94 milljarða árlegum



útflutningstekjum. Verði af stækkun Alcan í Straumsvík má búast við að útflutningstekjur af áli geti numið tæplega 200 milljörðum á hverju ári. Það mun stuðla að afgangi á viðskiptum við útlönd auk þess sem útflutningur þjóðarinnar byggist á mun breiðari grunni en áður.

Með alla miðla á einni hendi

Samtök iðnaðarins tóku að venju þátt í haustráðstefnu Xplor á Íslandi en þau samtök hafa haldið ráðstefnur hér á landi haust og vor um langt árabil eða allt frá árinu 1998. Xplor eru samtök fyrirtækja sem vinna að aukinni stafrænni vinnslu gagna og prentun skjala. Samtökin standa reglulega fyrir sýninga- og ráðstefnuhaldi þar sem allt það nýjasta í þeim greinum er kynnt og lagður er grunnur að vettvangi fyrir fagfólk á sviði prentiðnaðar

til að kynnast þeim sem starfa að sömu málum í öðrum löndum.

Ráðstefnan, sem bar yfirskriftina „Með alla miðla á einni hendi“ (Cross-media to go!), var vel sótt og sama má segja um námskeið sem XPLOR stóð að ásamt prenttækni sviði IDUNNAR þar sem Ben Willmore Adobe, sérfræðingur og grafískur hönnuður, ræddi leyndardóma ljósmyndaforrítsins PhotoShop. Auk námskeiðsins hélt Ben stutta tölu á

ráðstefnunni en aðalfyrirlesarar þar voru þeir Scott Kelly, framkvæmdastjóri Lynx í Bandaríkjunum, sem fjallaði um það hvort PDF væri besta sniðið til að koma gögnum milli miðla og Jón Rúnar Guðjónsson, deildarstjóri Adtomic í Danmörku en hann fjallaði um hönnun fyrir ólíka miðla. Í lokin stýrði Dagur Gunnarsson, ljósmyndari og ferðabókahöfundur, gagnvirkri og skemmtilegri kynningu á Andalúsíu og Spánarvínnum.

Áfangasigur Ljósmyndarafélagsins

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í nóvember að ljósmyndurum með iðnréttindi og nemendum í ljósmyndun væri einum heimilt að taka ljósmyndir í vegabréf hjá sýslumönnum og lögreglustjóra.

Ný vegabréf

Forsaga málsins er sú að fyrr á þessu ári var breytt þeim reglum sem giltu um útgáfu vegabréfa fyrir tilstuðlan dómsmálaráðuneytisins. Hófst útgáfa á nýjum íslenskum vegabréfum með örgjörva sem geymir sömu upplýsingar og voru sjáanlegar í vegabréfinu. Tilgangur hinna breyttu reglna mun m.a. hafa verið sá að laga íslenskar reglur að alþjóðlegum skuldbindingum vegna Schengen samstarfsins auk þess að fullnægja kröfum sem gerðar voru af hálfu ríkisstjórnar Bandaríkjanna til vegabréfa þeirra sem þangað vilja leggja leið sína.

Ríkið seilist á svið ljósmyndara

Allt frá því að útgáfa vegabréfa hófst hér á landi hafa ljósmyndarar tekið ljósmyndir í vegabréf og hafa haft af því verulegar tekjur. Á afgreiðslustöðum vegabréfa, þ.e. hjá sýslumönnum og lögreglustjórum um allt land, hefur verið komið upp myndavélum. Umsækjendum um vegabréf er boðið að starfsmenn embættanna taki af þeim mynd án sérstaks endurgjalds. Með hinum nýju reglum um útgáfu vegabréfa hefur orðið gerbreyting á töku ljósmynda í vegabréfin en það hefur haft þær afleiðingar fyrir ljósmyndara að passamyndataka þeirra hefur nánast lagst af.

Gripð til varna

Þar sem ljósmyndun er löggilt iðngrein höfðaði Ljósmyndarafélagið mál gegn íslenska ríkinu með tilstyrk Samtaka iðnaðarins og krafðist þess að viðurkennt yrði að, auk einstaklinga sem taka myndir í eigin vegabréf, væri

ljósmyndurum einum heimilt að taka ljósmyndir í íslensk vegabréf. Í forsendum dómsins segir að útgáfa vegabréfa sé hluti af verkefnum sem stjórnvöldum séu falin með lögum. Vinnsla þeirra sé því í atvinnuskyni í skilningi iðnaðarlaga. Samkvæmt því yrði að fallast á að þegar teknar eru ljósmyndir til notkunar við útgáfuna skyldi það gert undir stjórn meistara í ljósmyndun og yfirleitt af meistara, sveini eða nemanda í ljósmyndaiðn. Íslenska ríkið hefur áfrýjað niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar og bíður málið nú afgreiðslu þar.



Útrás bókaútgefenda

Í byrjun október kynntu Samtök iðnaðarins íslenskan prentiðnað á stærstu bókasýningu í heimi sem haldin er í Frankfurt ár hvert, Frankfurter Buchmesse.

Kynningin fór fram á kynningarbás Félags Íslenskra bókaútgefenda en félagið og prentsmiðjan Oddi óskuðu eftir að Samtök iðnaðarins styrktu sýningarbás útgefenda. Stjórn Samtaka iðnaðarins taldi þetta verðugt verkefni þar sem prentun og útgáfa eru samvinnuð starfsemi og styðja hvor aðra.

Af þessu tilefni létu Samtök iðnaðarins prenta sérstakan kynningarbækling til að dreifa á sýningunni og veggspjald sem var áberandi á básnum. Lögð var áhersla á að um 500 ára hefð væri fyrir því að íslenskur prent-

iðnaður sinni ýtrustu óskum viðskiptavina sinna, hvort sem litið er til fagurfræði eða tækni. Vefsíðunni www.si.is/ icelandprint hefur verið hleypt af stokkunum til að fylgja eftir kynningunni í Frankfurt.

Þess er að vænta að Samtök iðnaðarins þrói þessa hugmynd frekar fyrir bókasýninguna í Frankfurt árið 2007.



ESB og evra gætu skipt sköpum

„Okkur hefur skort sölupunktana til að taka upp evru,“ sagði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins á opnum fundi stjórnar og ráðgjafaráðs Samtaka iðnaðarins hinn 11. maí. Pólítískur, efnahagslegur og lýðræðislegur ávinningur af því að ganga í ESB taldi hann að hefði hingað til ekki verið til staðar. Nú væru hins vegar blikur á lofti, sérstaklega á efnahagssviðinu. „Ef menn sjá ESB aðild sem forsendu fyrir stöðugleika þá er orðið raunhæft að sækja um aðild,“ sagði Vilhjálmur. „Ef við náum ekki verðbólgu niður árið 2007 þá er upptaka evru og aðild að ESB raunverulegt spor til að styrkja íslenskt efnahagslíf,“ bætti hann við.



Helgi Magnússon formaður SI, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra og Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri SA

Vægi ESB í baráttu við hryðjuverk eykst

Varnarmál og áhrif þeirra á ESB umræðu voru uppistaðan í erindi Baldurs Þórhallssonar. Hann spurði hvort brottför varnariðsins hefði haft áhrif á ESB umræðuna og hvaða kostir væru í stöðunni. „Varnarsamningurinn fól í sér öryggi, stöðugleika og virðingu okkar á alþjóðavettvangi. Innan ESB er vaxandi samvinna í öryggis- og varnarmálum sem snýr m.a. að viðbrögðum við hryðjuverkaógn. Ætla má að nán tengsl við bandaríska varnar- og öryggisstefnu hefðu hamlað því að við héldum árvekni í Evrópusamskiptum. Nú er að verða gjörbreyting á þessum tengslum. Það er búið að kasta okkur úr húsi hjá Bandaríkjamönnum,“ sagði Baldur. „Ákvörðun um viðbrögð við hinni nýju ógn er tekin í ESB. Þar erum við ekki.“

Höfum í reynd látið fullveldið af hendi

Guðmundur Hálfðánarson ræddi um hvernig þjóðernishyggja og Evrópumál blönduðust með eftirtektarverðum hætti hér á landi. Við stofnuðum nútímalegt lýðveldi 1944 á grunni danskrar stjórnarskrár frá miðri 19. öld. Í raun taldi þjóðin að með þessu hefði hið forna þjóðveldi verið endurreist í nýjum búningi. Þessi þversögn hefur að mati Guðmundar litað pólitíska umræðu fram á þennan dag. Fyrir vikið eru hátíðaræður stjórnámálanna í mótsögn við veruleikann, til dæmis um að fullveldið verði ekki látið af hendi. „Í reynd hafa Íslendingar látið fullveldið af hendi,“ sagði Guðmundur, „menn- ingarlega, efnahagslega og hernaðarlega; t.d. árið 1953 með

hvernd Íslands og 1993 með EES, sem er meira fullveldisafsal en innganga í ESB væri.“

Evran leiðir til aukinna utanríkisviðskipta

Þórarinn G. Pétursson, hagfræðingur Seðlabanka Íslands, ræddi kost og löst evrunnar. Meðal kosta er að sameiginlegur gjaldmiðill getur stuðlað að auknum viðskiptum og aukinni skilvirkni í hagkerfinu. Því fleiri sem nota gjaldmiðilinn því hagkvæmari verður hann. Eins myndi sameiginlegur gjaldmiðill minnka viðskiptakostnað. Nafngengissveiflur gagnvart evru hyrfu með upptöku evru þótt raungengissveiflur yrðu samt áfram. Sameiginlegur gjaldmiðill drægi úr áhættuálagi og eins myndi sameiginlegur gjaldmiðill auka gagnsæi í almennum viðskiptum. Stór ávinningur af upptöku evru væri aukinn aðgangur að stærri og dýpri fjármálamörkuðum og auknum utanríkisviðskiptum. Meðal helstu galla var nefnt að hagsveiflur gætu orðið dýpri en nú er, einkum vegna þess að hagsveiflur hér á landi væru yfirleitt í öfugum takti við þær á meginlandinu. Ísland væri gjarnan í uppsveiflu þegar ESB væri í niðursveiflu.



Þekkingarauður fyrirtækja



Norræna verkefninu Putting IC into practice - PIP lauk nú í haust en Samtök iðnaðarins og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja stóðu fyrir verkefninu. Verkefnið fékk veglegan styrk frá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni - NICe og samstarfsaðilar voru samtök upplýsingatæknifyrirtækja á öllum Norðurlöndum. Tuttugu og eitt fyrirtæki var beinn þátttakandi í verkefninu, þar af fimm hér á landi; Hugvit, Tölvumiðlun, ANZA, Ax hugbúnaðarhús og TM Software.

Óefnisleg verðmæti kortlögð

Afrakstur verkefnisins eru leiðbeiningar um hvernig hægt er á einfaldan hátt að meta óefnisleg verðmæti fyrirtækja sem fólgin eru í mannaúði, skipulagsauði og viðskiptaauði og setja þau fram í þekkingarskýrslu líkt og efnahagur er skráður í ársreikninga á grundvelli samræmdra mælikvarða og vísbendinga. Þar er að finna lista yfir valdar vísbendingar og forsendur þeirra. Þá er fjallað um mikilvægi þekkingarverðmæta og ráðleggingar um hvernig hægt sé að nota þau markvisst við stefnumótun, gerð stefnukorta og innleiðingu viðurkenndra verkfæra við stjórnun fyrirtækja.

Samtök iðnaðarins og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja kynna afrakstur verkefnisins fyrri hluta árs 2007. Þau munu um leið vekja athygli annarra starfsgreina á að nýta þessar leiðbeiningar um tilgang og mikilvægi skráningar óefnislegra verðmæta fyrirtækja sem er að finna í öllum fyrirtækjum.

Íbúalýðræði og atvinnulíf



Samtök iðnaðarins hafa lýst efasemdum um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu í Hafnarfirði um stækkun álversins í Straumsvík. Ekki þó af þeim sökum að Samtökin séu á móti lýðræðislegum vinnubrögðum, heldur af því að í þessu tilviki er um að ræða íþyngjandi afturvirkar reglur sem eru settar eftir að Alcan hóf undirbúning stækkunar á grundvelli gildandi leikreglna. Enginn veit hvernig standa á að slíkri atkvæðagreiðslu og vakna margar spurningar í því sambandi: Hvernig er staðið að kynningu til kjósenda? Hver ber kostnað af nauðsynlegri kynningu? Er ekki líklegt að fámennur hópur áhugamanna og jafnvel niðurrísmanna verði alls ráðandi í slíkri atkvæðagreiðslu en almenn-ingur láti sér fátt um finnast? Er niðurstaðan bindandi? Hverjir eiga að greiða atkvæði í svona kosningu? Varðar þetta mál ekki fleiri en Hafnfirðinga?

Enn einni hindrun bætt við

Alcan keypti lóð vegna fyrirhugaðrar stækkunar og hefur síðan unnið viðamikilið umhverfismat og annað það sem til þarf vegna stækkunar álversins. Allir vita að það er bæði kostnaðarsamt og tímafrekt verkefni að undirbúa stórfra- kvæmd af þessu tagi. Flestum þykir nóg um alla þá þætti sem þarf að

skoða, meta og rannsaka til þess að fá starfsleyfi. Hér er ætlunin að bæta enn einni hindrun á þá leið í formi atkvæðagreiðslu um deiliskipulag. Slík atkvæðagreiðsla meðal íbúa á nærliggjandi svæði á sér hvernig á stoð í opinberum reglum.

Flótti frá eigin ábyrgð

Vilji menn auka á íbúalýðræði í reynd væri rétt að leyfa almenningi að hafa skoðun og jafnvel áhrif á skipulagsmál almennt. Vissulega kemur vel til greina að almenningur fái að tjá sig um almennar leikreglur sem gilda um atvinnurekstur í landinu, t.d. á sviði umhverfismála. Það er hins vegar flótti frá eigin ábyrgð að varpa umdeildum ákvörðunum um staðsetningu einstakra fyrirtækja í atkvæðagreiðslu þar sem þeir, sem atkvæði greiða, hafa engar forsendur til að taka efnislega afstöðu. Þá greiða menn atkvæði á þeirri forsendu að öruggast sé að vera á móti því sem þeir þekkja ekki. Sú spurning vaknar hvað yrði um fjöldann allan af fyrirtækjum innan Samtaka iðnaðarins ef þeim yrði gert að taka þátt í slíkri atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi sínu.

Samstarf um stefnumótun Vísinda- og tækniráðs

Í mars var efnt til stefnumótunarfundar Vísinda- og tækniráðs. Um 50 manns unnu samkvæmt aðferðum sem beitt hefur verið í stefnumótunarstarfi Samtaka iðnaðarins. Með fundinum var komið til móts við ábendingar Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins til margra ára um að efna til samráðs og ná víðtækri samstöðu þeirra fjölmörgu sem eiga hagsmuna að gæta af starfsemi Vísinda- og tækniráðs.

Fundurinn tókst vel og hefur átt sinn þátt í að skapa mun meiri sátt og samstöðu um stefnu ráðsins. Helstu niðurstöður fundarins má draga saman í nokkra meginþætti sem lýsa þeim árangri sem þátttakendur sjá fyrir sér að hafi orðið af starfsemi ráðsins árið 2015:

- Alþjóðlega viðurkennt þekkingarsamfélag í Norður-Atlantshafi – leiðandi í samhæfðri nýtingu og vernd náttúruauðlinda.
- Íslendingar í fremstu röð í sölu hugvits-, sköpunar- og hátækniáfurða.
- Lífsgæði og heilbrigði byggð á vísindapekkingu og öflugum atvinnulífi.
- Íslenskir háskólar í fremstu röð laða að sér fólk og fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.

Ný vísinda- og tæknistefna


Í júní samþykkti Vísinda- og tækniráð nýja vísinda- og tæknistefnu til ársins 2009 á grundvelli þessarar vinnu og leggur höfuðáherslu á að:

- Byggja upp mennta- og vísindakerfi sem er í fremstu röð meðal þjóða, starfar í nánnum tengslum við atvinnulíf og getur brugðist við hraðfara breytingum og leitt þær.
- Efla opinbera samkeppnissjóði og sameina þá innan skyldra sviða.
- Hvetja fyrirtæki og ríkið til að taka saman höndum um sókn í rannsóknum og þróunarstarfi til að ná betri árangri í arðbærri nýsköpun og alþjóðlegri samkeppnishæfni á grundvelli þekkingar.
- Endurskilgreina hlutverk ríkisins í stuðningi við vöktun og rannsóknir í þágu almannaheilla, umhverfisverndar og efnahagsframfara með aukinn árangur að leiðarljósi.

Stefnumótun í matvælaíðnaði

Matvælaíðnaðurinn í Samtökum iðnaðarins efndi til stefnumótunarfundar í nóvember. Fimmtán manns tóku þátt í hefðbundinni sólarhringsvist í Borgarnesi þar sem framtíðarsýn var mótuð og niðurstöður teknar saman í formi verkefnahugmynda. Í framtíðarsýninni ber mikið á öflugum fyrirtækjum, samvinnu og heilbrigðri samkeppni og þjónustu við kröfuharða neytendur.

Þátttakendur telja að forsendur fyrir því að ná þessum markmiðum séu meðal annars einfalt og hagfelld starfs-umhverfi, hagnýting nýjustu rannsókna og tækni, aukin þekking bæði framleiðenda og neytenda og öflug gæða- og umhverfisstjórnun í rekstri fyrirtækja. Starfsmenn Samtakanna munu á næstu misserum vinna að því að nálgast þessa framtíðarsýn.



Endurgreiðslukerfi - ekki skattamál

SkatteFUNN í Noregi er endurgreiðslukerfi vegna rannsókna og þróunarstarfs fyrirtækja. Samtök iðnaðarins héldu fund í október með Ragnhild Rønneberg, framkvæmdastjóra SkatteFUNN, til að kynna þetta athyglisverða kerfi en rúmlega fimm þúsund rannsókn- og þróunarverkefni norskra fyrirtækja njóta góðs af því um þessar mundir.

Skýlaus réttur

Norska kerfið er endurgreiðslukerfi sem veitir skattskyldum fyrirtækjum rétt til að fá 20% kostnaðar vegna rannsókn- og þróunarverkefna endurgreidd upp að tilteknu þaki. Skattkerfið er notað til að miðla greiðslum þannig að þau fyrirtæki, sem greiða tekjuskatt, fá afslátt en þau, sem ekki greiða skatt, fá endurgreiðslu. Þetta gerir kerfið sérstaklega áhugavert fyrir lítil og vaxandi fyrirtæki sem eru enn ekki farin að greiða tekjuskatta, m.a. vegna mikils þróunarkostnaðar. SkatteFUNN hefur að öðru leyti ekkert með skatta að gera eins og sumir hafa misskilið í umræðunni um þetta kerfi.

Vinsælt og einfalt

Í kynningu Ragnhild kom fram að norsk fyrirtæki eru afa ánægð með kerfið og um helmingur samþykkrá verkefna er á vegum lítilla fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn. Kerfið hefur komið mikilli hreyfingu á nýsköpunarstarf norskra fyrirtækja og um 80% þátttakenda telja að verkefni þeirra hefðu ekki komist á legg án SkatteFUNN. Um 50% telja að verkefni hafi aukið verðgildi fyrirtækja sinna, rúm 60% telja að kerfið hafi aukið einbeitingu þeirra í nýsköpun og þróun. Þá telja tæp 50% kerfið hafa hvatt til samstarfs við önnur fyrirtæki og stofnanir. Sérstaka athygli vekur að 25% norskra útrásarfyrirtækja nýta sér kerfið.

Fyrirtækin telja að helstu kostir kerfisins séu hversu einfalt, aðgengilegt og laust við skrifræði það er en umsækjendur fá svör við umsóknum sínum innan þriggja vikna.

Purfum íslenskt kerfi

Nefnd iðnaðarráðherra um fjármögnun nýsköpunar lagði fram tillögur um að taka upp svipað kerfi hér landi og nefnd á vegum fjármálaráðuneytis hefur þær til athugunar. Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur lagt áherslu á að slíku kerfi verði komið á í tengslum við uppbyggingu hátækniðnaðar. Helstu rökin fyrir því eru að kerfið hefur þann kost að það veitir skýlausan rétt að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Það nær jafnt til allra atvinnugreina og landsvæða og til allra



fyrirtækja óháð stærð. Með þessum hætti eru fyrirtækin hvött til dáða og þau eru hvorki háð neinni ytri stýringu um rannsóknir sínar og þróunarverkefni né óvissu um endurgreiðslu fullnægi þau á annað borð þeim almennu skilyrðum sem um kerfið gilda.

Virkt háskólasamfélag

Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra, lagði áherslu á mikilvægi vandaðrar og fordómalausar umræðu um Evrópumál, minnir á ábyrgð og hlutverk stjórnmalamanna í því sambandi og ekki síður háskólasamfélagsins. „Háskólasamfélagið veitir okkur bæði aðhald og stuðning til þessa. Það er mikilvægt að báðir þessar hópar fari vel með það kennivald sem þeir hafa og stuðli að upplýstri og yfirvegaðri umræðu um mikilsverð samfélagsleg málefni, en láti kreddur og utanaðkomandi þrýsting lönd og leið.“

Þessi orð lét ráðherra falla á ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands á ráðstefnu um Nýja stöðu Íslands í utanríkismálum og tengsl við önnur Evrópulönd hinn 24. nóvember.

Mikil þátttaka Íslendinga

Ráðherra gerði að umtalsefni að Ísland tæki þegar mikinn þátt í Evrópusamrunum með EES-samningnum og tæki t.d. að fullu þátt í Schengensamstarfinu en þar gengi Ísland lengra í ESB samstarfinu en önnur ríki sem þó væru fullgildir aðilar að sambandinu. „Ég tel að það sé afar mikilvægt að við áttum okkur á því að Ísland hefur tekið stór skref í Evrópusamrunum - skref sem hafa haft mikil og margvísleg áhrif á íslenskt samfélag. Kjósi Ísland í framtíðinni að gerast aðili að Evrópusambandinu tel ég að slíkt skref, án þess að gera lítið úr því, hafi minni áhrif á daglegt líf Íslendinga en stökkið sem tekið var við aðildina að EES, jafnvel þótt hin lögformlega breyting yrði vafalaust meiri.“

Breytt orðræða

Íslenskt samfélag hefur tekið stakskiptum, ekki síst fyrir tilstuðlan EES-samningsins. Íslenskt atvinnulíf er miklu öflugra og fjölbreyttara en áður og Íslendingar sjálfstæðari. Allt leiðir þetta til þess að orðræðan um Evrópumálin er að breytast. Hagsmunir atvinnulífsins eru að breytast og stöðugleiki verður því æ mikilvægari. „Og auðvitað hljóta spurningar að vakna þegar hver áhrifamaðurinn af öðrum í

viðskiptalífinu lýsir áhyggjum af sveiflum íslensku krónunnar og þau neikvæðu áhrif sem þeim fylgja.“

Í lok ræðu sinnar varaði ráðherra við því að Íslendingar létu festast í gettói hugarfarsins. Ekki megi láta heimatilbúna aðildarskilmála ráða ferðinni og að minnimáttarkennd sé ekki okkar háttur.

EES er merkasti áfangi Evrópuferils okkar

Einar Benediktsson, fyrrverandi sendiherra, rakti í erindi sínu vegferð okkar Íslendinga í samskiptum okkar við önnur Evrópulönd á viðskiptasviðinu. Einar velkist ekki í vafa um gildi EES-samningsins: „Hann er merkasti áfangi Evrópuferils okkar. Hann var að eðli sínu og umfangi gjörólíkur öllu sem við höfðum áður fengist við frá stofnun lýðveldisins. Um var að ræða að innleiða í löggjöf okkar alla gjörninga Evrópusambandsins sem lúta að frjálsu innri markaði þess, þ.e. þau lög og reglugerðir sem tryggja frjáls viðskipti, frjálsa fjármagnsflutninga og þjónustustarfsemi sem og frjálsa för fólks á EES-svæðinu. Það hlaut að liggja í eðli málsins að með þátttöku í þessum sameiginlega lagagrundvelli yrðu miklar breytingar í okkar einangraða þjóðarbúskap.“

Full aðild næsta skref

Þegar Einar horfir til framtíðar leggur hann mikla áherslu á gildi þess að öll skref okkar hafi byggst á því að efnahagslegar forsendur hafi verið hag-



Ráðgjefna Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands

**Ný staða Íslands
í utanríkismálum:
Tengsl við önnur
Evrópulönd**



stæðar og svo verði einnig að vera vilji menn huga að aðild Íslands að ESB, sem sé rökrétt framhald af EES-samningnum. Hann sé nánast söguleg tímaskekkja með sínum þrem aðildarríkjum en það var ekki sú niðurstaða sem EFTA ríkin höfðu í huga í upphafi samningaferilsins. „Ég gef mér það að ef lengra skal haldið yrði það að vera með fullri aðild okkar að Evrópusambandinu. Samstarf Evrópusambandsins felur það í sér að þjóðríkin tryggja sjálfsforræði með því að sameina stöðuna í efnahagslegu tilliti. Aðilar hverfa ekki frá sjálfsforræði heldur setja efnahagslegan rekstur sinn í vörslu sameiginlegra stofnana og sama lagagrunns með því sem kallað er “pooling of sovereignty.”



Sendiherrann fyrrverandi sagði loks: „Fullgildur aðili í samstarfi Evrópuþjóða er sú staða sem okkur hæfir í því samfélagi sem við tilheyrum svo réttilega.“

Rök hníga að upptöku evru

Hjá Gylfa Zoëga, prófessor í hagfræði, kom fram að nú væri fyllsta ástæða til að taka til endurskoðunar þau sjónarmið sem réðu vali á gengisfyrirkomulagi í hinu einhæfa hagkerfi 20. aldarinnar. Gengisstefna á hverjum tíma taki mið af því efnahagslega umhverfi sem við búum við. Frá því að EES samningurinn tók gildi árið 1994 hafi íslenskt efnahagslíf tekið stórkostlegum breytingum. „Mestan hluta síðustu aldar mótaði mikilvægi sjávarútvegs ákvarðanir um peninga- og gengismál. Gengisfellingum var beitt til að bregðast við viðskiptahalla, aflabresti eða verðfalli sjávarafurða. Gerð kjarasamninga tók mið af þessu og fyrir vikið var verðbólga hér viðvarandi.“


Í erindi sínu benti Gylfi á að núverandi fyrirkomulag gengismála sé afsprenni þess hagkerfis sem þróaðist á 20. öldinni. Hins vegar hafi þetta fyrirkomulag verulega ókosti í för með sér. Í fyrsta lagi hafi peningamálafestfan ekki ráðið við vaxandi eftirspurn. Hækkun vaxta hafi einkum haft áhrif á gengi krónunnar og viðskiptahalla sem síðan

eykur hættu á fjármáalegum óstöðugleika. Í öðru lagi benti Gylfi á að gengi krónunnar sé afar viðkvæmt fyrir nýjum upplýsingum og að tilvist sjálfstæðs gjaldmiðils í svo litlu hagkerfi sem okkar feli í sér viðskiptahindrun.

Breyttar forsendur

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunnar og núverandi bankastjóri, rakti í erindi sínu sögulegar ástæður þess að heppilegra hefði verið fyrir Ísland að hafa sjálfstæða mynt. Ástæðan væri einkum fólgin í því að hagsveiflur á Íslandi hefðu verið ósamhverfar hagsveiflum í helstu viðskiptalöndum okkar, laun hefðu ekki verið nægjanlega sveigjanleg og vinnuafli hefði ekki flust óhindrað milli svæða eftir efnahagslegum aðstæðum á hverjum stað.

Tryggvi benti á að aðstæður breyttust ört hér á landi. Því nánar sem við tengjumst hagkerfum annarra landa því líkari verði hagsveiflan hér á landi því sem gengur og gerist annars staðar. Mikill innflutningur á vinnuafli til landsins sé ennfremur gott dæmi um nauðsynlegan sveigjanleika til að geta verið í myntbandalagi. Niðurstaða Tryggva var sú að það kunni að vera heppilegra fyrir okkur að taka upp evru í ljósi breyttra aðstæðna.



Grundvallarrit í málm-tækni

Námsefnisstyrkjum Samtaka iðnaðarins er ætlað að efla til muna útgáfu náms-efnis fyrir iðngreinar. Einn fyrsti styrkurinn rennur til þess að gefa út grundvallarrit á sviði málm-tækni. Til útgáfunnar hefur verið veittur fjögurra milljóna króna styrkur sem er helmingur áætlaðs kostnaðar.

Þegar er hafin vinna við að þýða og staðfæra á íslensku hina viðamiklu þýsku málm-tækni-bók Fachkunde Metall, sem talin er vera eitt ágætasta grundvallarrit sem til er fyrir málm- og véltækni-iðngreinar. Hún er tæplega 600 síður og prýdd miklum fjölda skýringarmynda.

IÐNÚ-bókaútgáfa hefur tekið þetta mikla verk að sér og samið um það ítarlega fjárhags- og framkvæmdaáætlun. Með útgáfu þeirrar bókar verða þáttaskil í námsefnisgerð fyrir málm- og véltækni-iðnaðinn. Um þetta framtak sagði Hjálmar Þ. Baldvinsson, formaður Félags málm-iðnennara: „Kennarar í málm-iðngreinum munu áreiðanlega taka bókinni fagnandi þegar hún kemur út á íslensku og vafalaust nota hana mikið á komandi árum.“

Óþrjótandi viðfangsefni

Haustið 2005 tók verkefnahópur SI um starfsskilyrði til starfa. Starf hópsins er fólgið í að taka við hugmyndum að verkefnum frá stjórn Samtaka iðnaðarins og koma þeim í skýran og formlegan farveg. Hópurinn er þverfaglegur og í honum á sæti fólk úr ólíkum greinum iðnaðarins. Auk þess vinna nokkrir starfsmenn SI með hópnum. Þannig er tryggt að mikilvæg mál, sem eiga almenna skírskotun í iðnaði, fái þverfaglega umfjöllun og eftirfylgni. Starfsskilyrðahópurinn er einn af fimm verkefnahópum samkvæmt nýju skipulagi Samtaka iðnaðarins. Hópurinn mun ekki skorta verkefni enda ævinlega verk að vinna þegar starfsskilyrði iðnaðarins eru annars vegar.

Aukinn þungi

Starfsskilyrði iðnaðar er afar víðfeðmur málaflokkur og viðfangsefnið margvísleg. Meðal mála, sem unnið er að, eru gamlir kunningjar, s.s. kennitölufلاك og svokallað VSK-mál. Vinna við þessi mál var þegar komin vel á veg þegar starf starfsskilyrðahópsins hófst. Hins vegar má fullyrða að aukinn þungi hefur færst í vinnuna við að þverfaglegur hópur kemur að verkefninu.

Kenntölufلاك og vaskur

Barátta Samtaka iðnaðarins í kennitölufلاكsmálinu hefur þegar skilað ótvíræðum árangri og má t.d. benda á að Vega-gerðin hefur sett í útboðsskilmála sína ákvæði sem ætlað er að vinna gegn kennitölufلاكki og eru beinn ávöxtur þessa starfs.

VSK-málið svokallaða hefur hingað til einskorðast við baráttu upplýsingatæknifyrirtækja fyrir jafnri samkeppnisstöðu gagnvart innri upplýsingadeildum opinberra stofnanna og fjármálafyrirtækja. Starfsskilyrðahópurinn hefur tekið málið að sér og fengið í lið með sér fleiri aðila sem eiga hliðstæðra hagsmuna að gæta. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins og fleiri samtök hafa sent fjármálaráðuneytinu sam-eiginlegar tillögur sem miða að því að virðisaukaskattur af allri þjónusta og vöru, sem einkaaðilar þjóða opinberum aðilum, verði endurgreiddur. Þar með er samkeppnisstaðan jöfnuð og hvati til að byggja upp innri þjónustudeildir hjá hinu opinbera ætti að heyra sögunni til.

Stöðugleiki, gengi og vextir

Þegar starfsskilyrði iðnaðarins eru rædd er staða efnahagsmála, vaxta- og gengismál eðlilega mjög fyrirferðamikil. Eitt af verkefnum hópsins er og verður að skoða fyrirkomulag þeirra mála. Hins vegar er ljóst að um langtíma verkefni er að

ræða. Einn angi af því máli er að skoða fjármálaumhverfi iðnfyrirtækja, ekki síst stöðu þeirra gagnvart bönkunum. Sú vinna er nú á fullri ferð en margt bendir til að víða sé pottur brotinn í þeim efnunum.

Annað verkefni er aðild Íslands að Evrópusambandinu og spurningin um evru í stað krónu.



Tímamót í blikkgreininni

Síðastliðið haust urðu tímamót í fræðslumálum blikksmíðagreinarinnar. Þá var tekin í notkun ný og vel útbúin kennsluáðstaða fyrir 5. og 6. önn í blikksmíði við Borgarholtsskóla í Reykjavík. Þar með getur skólinn, fyrstur skóla, boðið nemendum í blikksmíði að læra þar allt sem upp er talið í þessum síðustu áföngum til sveinsprófs.

Þar má nú sjá tölvustýrða plasmaskurðarvél, fullkomna beygjuvél með snertiskjá og stafrænt stýrðar klippur svo að fátt eitt sé nefnt. Öll aðstaða er til mikillar fyrirmyndar og skólanum til sóma. Með þessari nýju deild hefur verið komið á fót fyrstu aðstöðu til að kenna málmsmíðagrein til sveinsprófs. Þar með opnast nýr valkostur fyrir þá nemendur sem hafa lokið grunndeildum málmíðna því að hingað til hafa þeir eingöngu verið miðaðir við vélvirkjun, rennismíði og málmstuðu. Í kjölfarið stefnir skólinn að því að halda áfram á sömu braut og koma upp aðstöðu til kennslu í stálsmíði en sú iðngrein getur nýtt talsvert af þeim vélum og tækjum sem nú eru komnar í blikksmíðadeildina.


Sveiflur í vexti

Mikill vöxtur

Velta mælir umsvif fyrirtækja í landinu og er um leið ágætur mælikvarði á efnahagsumsvif. Upplýsingar um veltu fást beint úr virðisaukaskattskýrslum og eru því mjög nákvæm mæling. Á árunum 1998-2001 jókst velta að jafnaði um 3-5% á ári en árið 2002 varð smávægilegur samdráttur eða um 2%. Frá árinu 2003 hefur vöxtur í veltu verið mjög mikill en þó afar mismunandi eftir greinum. Í iðnaði hefur langmestur vöxtur verið í byggingariðnaði og hefur velta ríflega þrefaldast frá árinu 2001. Á árunum 1998-2002 var mikill vöxtur í hátækniíðnaði en þar hefur verulega hefur hægt á vexti og það er áhyggjuefni.

Ólík staða

Frá árinu 2001 hefur heildarvelta í efnahagslífinu vaxið um tæp 70% og er



Mikill vöxtur hefur verið í efnahagslífinu síðustu ár. Hins vegar er athyglisvert að skoða hvenær innan ársins vöxturinn kemur fram. Í byggingariðnaði eru mest umsvif að sumarlagi en prentiðnaður vex mest undir lok árs. Matvælaíðnaður er hins vegar mun stöðugri

það til marks um þá miklu efnahagsupp-sveiflu sem verið hefur. Svipaður vöxtur mælist í t.d. prentiðnaði og helst vöxtur hans þannig í takt við efnahagslífið í heild sinni. Sama á við um hvers kyns þjónustuiðnað. Matvælaíðnaðurinn hefur hins vegar ekki vaxið jafn mikið eða um 25% á sama tímabili. Það kemur í

raun ekki mjög á óvart þar sem náttúruleg takmörk eru á vexti matvælaíðnaðarins, að minnsta kosti innanlands, því að takmörk eru fyrir því hve miklu meiri eða dýrari mat fólk kaupir þótt vel ári í efnahagslífinu og kaupmáttur vaxi.

Frjáls raforkuviðskipti

Samtök iðnaðarins héldu fund um breytingar á raforkumarkaði í mars. Leitað var svara við spurningum um hvaða áhrif þær breytingar hafa á raforkuverð. Framsögumenn voru Eiríkur S. Svavarsson, yfirmaður viðskipta-samninga hjá Landsvirkjun, Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri Rarik og Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri orku- og framleiðsluviðs Hitaveitu Suðurnesja.

Meðal annars var fjallað um breytingar sem gerðar voru á svokölluðum rof-töxtum og öðrum sértöxtum og hafa verið mikið gagnrýndar. Þegar orku-fyrirtækin voru bæði með sölu- og dreifingarstarfsemi á sinni könnu voru viðskiptin trygg og hægt að ná niður kostnaði með samsettum gjöldum fyrir dreifingu og flutning. Nú getur sölu-

starfsemin verið hjá allt öðru fyrirtæki en því sem sér um dreifinguna. Reynt hefur verið að bregðast við þessu með því að útbúa tví- og þrígjaldstaxta. Við breytinguna var landsnetið stækk-að og stofnað eitt fyrirtæki um allan flutning með verðjöfnun í kerfinu. Þetta kom landsbyggðinni til góða en olli verðhækkun, einkum á suðvestur-horninu. Framsögumenn töldu jákvæð áhrif af breytingunum vera þó nokkur. Tækifærin liggja í lækkun kostnaðar við sérleyfisþáttinn í fyrstu en sam-keppnisþátturinn kemur í kjölfarið enda er gerð rík krafa um hagræðingu.


Orkuþing

Á Orkuþingi 2006 fjallaði Bryndís Skúladóttir hjá SI um reynslu fyrir-tækja af markaðsvæðingu raforku-

markaðar. Fram kom að raforkuverð hefði hækkað hjá fjölda fyrirtækja um tugi prósent á ársbyrjun 2005 þegar samkeppni hófst á raforkumarkaði. Mestar urðu hækkanirnar hjá málm-steypum, meðalstórum fyrirtækjum í orkufrækri framleiðslu í harðri sam-keppni við innflutning. Óbeint er sam-keppnin því ekki bara innanlands milli íslenskra orkufyrirtækja heldur einnig á alþjóðamarkaði. Bryndís benti á atriði sem ætla má að stuðli að virkari samkeppni og skapi samkeppnishæft verð; lækkun kostnaðar við flutning og dreifingu, aðskilnaður sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi ásamt aukinni samkeppni og dreifðari eignaraðild í orkuheildsölu.

Paninn en sveigjanlegur

Atvinnuleysi og launaþróun frá 2004-2006



Frá ársbyrjun 2004 hafa laun hækkað mjög hratt og um tíma nam 12 mánaða hækkun launa 11% árið 2006. Á sama tíma hefur atvinnuleysi minnkað jafnt og þétt. Verðbólga hefur hins vegar verið viðvarandi og kaupmáttur hefur því ekki vaxið í neinu samræmi við launahækkunarir

Mikilvægt samkomulag

Vaxandi spenna einkenni íslenska vinnumarkaðinn á árinu. Hún lýsti sér einkum í minna atvinnuleysi og hækkandi launum. Kjarasamningar voru í uppnámi í maí vegna mikillar verðbólgu en samkomulag tókst milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Samkomulagið tryggir að kjarasamningar halda að minnsta kosti út árið 2007. Það felur m.a. í sér 5,5% launaþróunartryggingu frá júní 2005 til júlí 2006, hækkun skattleysismarka og breytingu á barna- og vaxtabótum. Einnig var samið um aukin framlög til fullorðinsfræðslu, tillögur vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku og opinber innkaup. Allt eru þetta atriði sem skipta iðnaðinn miklu máli. Í samningnum er gert ráð fyrir að verðbólga náist niður á seinni hluta ársins 2007 og margt bendir til að það takist, sérstaklega í ljósi lækkunar á virðisaukaskatti á matvælum og margvíslegri þjónustu.

Erlent starfsfólk dregur úr þenslu

Í árslok var atvinnuleysi komið niður í ríflega 1%. Á sama tíma nam 12 mán-

aða hækkun launa um 10%. Verðbólga mældist rúm 7% og því hefur kaupmáttur launa aukist um 2,7%. Miklar launahækkunarir eru því alls ekki forsenda aukins kaupmáttar. Þar skiptir mestu að halda verðbólgu niðri til að tryggja viðvarandi kaupmáttaraukningu og góð starfsskilyrði í efnahagslífinu. Þrátt fyrir hátt spennustig í efnahagslífinu má fullyrða að án mikillar þátttöku erlends starfsfólks í atvinnulífinu væri spennan mun meiri og verðbólga umtalsvert meiri. Aldrei hefur fleira erlent starfsfólk komið til landsins en árið 2005 en líklegt er að fjöldinn hafi tvöfaldast milli 2005 og 2006. Þetta er til marks um þann mikla sveigjanleika sem er á íslenskum vinnumarkaði. Gera má ráð fyrir að allt að tíundi hver maður sem var starfandi á Íslandi árið 2006 hafi verið erlendur. Skiptir þar líklega mestu að frjáls för launafólks frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins tók gildi 1. maí auk þess sem ekkert lát virðist vera á eftirspurn fyrir tækja eftir starfsfólki.



Gæðastjórnun í iðnaði

Um mitt ár 2006 gerði hundrað-asta fyrirtækið samning við Samtök iðnaðarins um kaup á drögum að gæðakerfi og aðstoð við innleiðingu gæðastjórnunar. Rafverktakar og fyrirtæki í matvælaíðnaði hafa nú bæst í hóp þeirra sem eiga kost á að kaupa slík drög og fá aðstoð við innleiðingu gæðastjórnunar. Fyrir voru jarðvinnuverktakar, byggingaverktakar, málarameistarar, innréttinga-, húsgagna- og innréttingaframleiðendur, þjónustuiðnaður ýmiss konar, húshlutaframleiðendur, sorphirða- og umhverfisiðnaður, málm- og skipaiðnaður, skrudgarðyrkjumeistarar og fyrirtæki í blikksmiði og pípuhlögnum.

Til stuðnings þeim fyrirtækjum, sem gera samning um gæðakerfi, hafa starfsmenn SI heimsótt þau og haldið fyrirlestra og stutt námskeið til að upplýsa og leiðbeina um gagnsemi og ávinning stjórnenda og almennra starfsmanna af góðri stjórnun. Öllum fyrirtækjum, sem eiga aðild að SI, stendur slík aðstoð til boða.



Breytt skipulag SI

Skipulagi og starfsháttum Samtaka iðnaðarins var breytt nokkuð á árinu. Frá upphafi hefur skipulag Samtaka iðnaðarins byggst á hefðbundnu deildaskiptu stjórnfyrirkomulagi.

Deildirnar hafa verið: Skrifstofa og þjónusta, Starfsskilyrði og alþjóðlegt samstarf og loks þjónusta, þróun og starfsgreinar. Yfir þessum deildum var svo framkvæmdastjóri, stjórn og aðalfundur (Iðnþing).

Aukin sérhæfing

Þegar Samtök iðnaðarins urðu til við sameiningu sex samtaka í iðnaði og tölvuvæðing jókst, fækkaði starfsmönnum mjög við almenn skrifstofustörf en sérfræðingum fjölgaði að sama skapi. Þessir sérfræðingar hafa annars vegar sérhæft sig í þjónustu við starfsgreinahópa á borð við byggingariðnað, málm-iðnað, upplýsingatækni, matvæla-iðnað og prentiðnað. Hins vegar hefur markvisst verið unnið að því að byggja upp

sérþekkingu á tilteknum sviðum, þvert á hefðbundna skiptingu í iðngreinar. Þar má t.d. nefna erindrekstur og hagsmunagæslu, gæðastjórnun, alþjóðamál, markaðsmál, menntamál og umhverfismál.

Verkefnahópar sækja á

Undanfarin vor hefur nýkjörinn stjórn

Meistarinn.is

Vefsetrið Meistarinn.is hefur tekið stakkaskiptum eftir gagngerar breytingar og endurbætur. Meðal annars uppfærast upplýsingar um fyrirtæki, meistara og fagfólk, sjálfkrafa um leið og breytingar eru gerðar í félagatali Samtaka iðnaðarins. Sem fyrr birtir Meistarinn.is eingöngu upplýsingar um fyrirtæki og einyrkja sem eiga aðild að Samtökum iðnaðarins.

Meistarinn.is er gott hjálpartæki í almennu markaðs- og kynningarstarfi Samtaka iðnaðarins og fagfélaganna

Samtaka iðnaðarins hverju sinni sett fram og forgangsraðað helstu áhersluatriðum sínum á næsta starfsári. Árið 2005 ákvað stjórn SI að setja upp fjóra verkefnahópa til að vera stjórninni til halds og traust með stefnumótun og tillögugerð í veigamiklum málaflokkum sem allir höfðu það sameiginlegt að varða hagsmuni ólíkra hópa innan Samtaka iðnaðarins og í sumum tilvikum langt út fyrir raðir Samtakanna. Í verkefnahópnum koma saman félagsmenn, stjórnarmenn og starfsmenn. Algengt er að leitað sé til sérfræðinga utan raða Samtakanna eftir því sem við á.

Nýtt skipulag í ljósi reynslunnar

Reynslan af þessari nýbreytni þótti svo góð að vorið 2006 ákvað stjórnin að fjölga hópnum í fimm og jafnframt að endurskoða skipulag Samtakanna með hliðsjón af því að vinnan er að verða æ verkefnabundnari í stað hefðbundinnar deildaskiptingar. Niðurstaðan er nýtt skipulag, sem sjá má hér á síðunni. Verkefnahóparnir eru nú orðnir fastur hluti af skipulagi Samtaka iðnaðarins en þeir eiga ugglaust eftir að taka breytingum eftir því sem áherslur í starfsemiinni breytast.

Verkefnahóparnir eru þessir:

- Almennatengsl
- Opnber innkaup og útboð
- Nýsköpun og þróun
- Menntamál
- Starfsskilyrðamál

enda hefur hann verið vel kynntur í tengslum við ýmis átaks- og markaðsverkefni. Ljóst er að með aukinni samvinnu fagfélaga og fyrirtækja innan SI geta þau bætt markaðs- og kynningarstarfi sitt til muna og náð til fjölda fólks um land allt með Meistarinum.



Nýtt matskerfi - áhersla á nýnæmi

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra. Hlutverk hans er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi og falla að meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Samtök iðnaðarins hafa frá upphafi átt fulltrúa í stjórn sjóðsins og lengst af einnig í fagráðum hans sem meta umsóknir.

Hörð samkeppni um allt of lítið fé

Hörð samkeppni er um þá styrki sem í boði eru og þó að sjóðurinn hafi vaxið nokkuð á undanföllum árum svarar hann engan veginn knýjandi þörf sprota- og hátækni fyrirtækja fyrir fjármagn til nýsköpunar- og þróunarverkefna. Því miður hafa of mörg fyrirtæki ekki haft erindi sem erfiði og þeim fyrirtækjum fjölga sem kjósa að sækja ekki um styrki vegna þess hve fé er takmarkað og samkeppnin hörð. Oft hefur samkeppnin við verkefni frá rannsóknastofnunum og háskólum verið erfið því að þar er oft fyrir hendi meiri reynsla og þekking á gerð umsókna.

Nýjar áherslur

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin tvö ár beitt sér fyrir umbótum í umsóknar- og matsferli sjóðsins til að gera það einfaldara og gegnsærra. Í nýju matskerfi, sem var prófað að frumkvæði fulltrúa Samtaka iðnaðarins í stjórn sjóðsins, hafa væntingar um verðmætasköpun og nýnæmi verkefna fengið mun meira vægi en áður. Það hefur í för með sér að umsækjendur verða að gera grein fyrir og rökstyðja þá þætti betur en áður var í umsóknum sínum. Þetta gerir líka meiri kröfur til fagráða um að þau meti trúverðugleika þessara þátta.

Hvaða verðmætum er skilað?

Nú er verkefnum forgangsraðað samkvæmt tveimur óháðum kvörðum. Sá fyrri byggist á nýnæmi, verðmætasköpun og líkum á árangri en sá seinni tekur mið af öðrum gildum verkefna og stefnumörkun Vísinda- og tækniráðs.

Það tekur umsækjendur og fagráð nokkurn tíma að læra á þessar nýju áherslur en tilgangurinn er sá að skapa skýrari línur milli forgangröðunar fjármuna og þess árangurs sem horft er til þegar árangur af starfsemi Tækniþróunarsjóðs er metinn yfir lengra tímabil. Þá verður fyrst og fremst spurt: Hvaða verðmætum hefur sjóðurinn skilað?

Stendur á efndum

Á Iðnþingi 2005 gerði stjórn Samtaka upplýsingatækniyrirtækja, SUT, stjórnvöldum metnaðarfullt tilboð sem hlaut nafnið Þriðja Stoðin.

Til mikils að vinna

Í tilboðinu fólst að upplýsingatækni yrði meginstoð í verðmætasköpun og gjaldreyristekjum árið 2010. Tilboðið gerir ráð fyrir að tífalda gjaldreyristekjur af upplýsingatækni úr fjórum milljörðum í 40 milljarða og fjölga störfum til muna. Markmiðið er að auka sölu staðlaðra hugbúnaðarlausna sem íslensk fyrirtæki hafa þróað og munu þróa í framtíðinni og stórauka hýsingu upplýsingakerfa fyrir erlenda aðila hér á landi. Forsenda þess að markmiðin náist er að íslensk stjórnvöld hrindi í framkvæmd skilgreindum verkefnum sem snúa að skattamálum, útflutningi, stefnumörkun og samstarfi.




Þriðja stoðin á oddinum

Í tilboðinu um Þriðju stoðina voru dregin saman þau verkefni sem SUT telja brýnust fyrir greinina, auk fyrirliggjandi tillagna Samtaka iðnaðarins um eflingu hátækni iðnaðar á Íslandi. Þetta eru þau mál sem Samtök upplýsingatækniyrirtækja setja á oddinn í sínu starfi.

Góð viðbrögð, en ...

Viðbrögð stjórnvalda við Þriðju stoðinni voru mjög jákvæð í byrjun og Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi iðnaðarráðherra, lagði tilboðið fyrir ríkisstjórn sem samþykkti að beina verkefnum Þriðju stoðarinnar til þeirra fagráðuneyta sem hafa með málið að gera. Síðan þá hefur lítið gerst og allmikil óánægja hefur ríkt hjá SUT með hvað það virðist óskaplega erfitt að þoka þessu máli áfram. Núverandi stjórn SUT vill þó gera úrslitatilraun til að hugmyndafræði Þriðju stoðarinnar verði að veruleika. Brýnt er að stjórnvöld og hagsmunaaðilar móti í samningingu heildstæða framtíðarsýn fyrir upplýsinga- og hátækni iðnað en hún er engin hjá stjórnvöldum.



Framleiðendur byggingavara standa frammi fyrir því að nú þegar eða innan tíðar beri þeim að CE merkja framleiðslu sína. Frá Evrópusambandinu berast samræmdir staðlar fyrir æ fleiri byggingavörur sem þýðir að framleiðandi tiltekinnar vöru þarf að hefja undirbúning að skjalfestri framleiðslustjórnun til að standast kröfurnar í viðeigandi staðli. Byggingavörur, eins og einangrun og sement, eiga nú þegar að vera CE merktar, glerframleiðendur, gluggaframleiðendur og fleiri standa á þröskuldinum og eru eða ættu að vera að huga að undirbúningi.

Samtök iðnaðarins hafa aðstoðað nokkur fyrirtæki á þessum vettvangi við að skilgreina og skrá framleiðsluferla (gæðastjórnun). Skjalfest framleiðslustýring er forsenda CE merkningar þar sem svipaðar kröfur eru gerðar hvort heldur framleitt er einangrun, sement eða gluggar. Til þess að auðvelda framleiðendum að átta sig á eigin aðstæðum og kröfum, sem til þeirra eru gerðar, hafa Samtök iðnaðarins opnað vefsetur sérstaklega ætlað til að upplýsa og leiðbeina um þessi efni. Þar er að finna almennan fróðleik um CE merkningar á byggingavörum og haldgóðar upplýsingar og leiðbeiningar um hvernig viðkomandi fyrirtæki getur staðið að verki við undirbúning og aðgerðir til að mega CE merkja vörur sínar. Slóðin á vefsetrið er www.si.is/ce.

Samkeppni skortir á raforkumarkaði

Á vormánuðum 2006 bentu Samtök iðnaðarins á að ríkisstjórn Íslands hefur tvívegis gripið til sérstakra aðgerða vegna hækkana á orkuverði sem urðu í kjölfar breytinga á raforkulögum. Í bæði skiptin beindust afmarkaðar aðgerðir að tilteknum greinum, garðyrkju- og fiskeldisfyrirtækjum. Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar er viðurkennt að raforkuverð til atvinnustarfsemi er hátt og að umræddar hækkningar komu hart niður á mörgum fyrirtækjum. Einnig er viðurkennt að ekki er hægt að ná verðinu niður aftur með samningum við orkufyrirtæki. Samtök iðnaðarins hafa bent á nokkur atriði sem ætla má að stuðli að virkari samkeppni og skapi samkeppnishæft verð.

Flutningur og dreifing

Flutningur og dreifing er um og yfir helmingur af raforkuverði. Það er afar mikilvægt að ná niður þessum kostnaði og það skilar sér til allra notenda. Annars vegar þarf að tryggja aðhald við Landsnet og dreifiveitur og hins vegar að ekki sé færður kostnaður frá orkuframleiðslu eða söluhluta á þann þátt.

Tryggja verður aðskilnað

Aðskilnaður sérleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi er ekki tryggður í raforkulögum. Sömu fyrirtækin eiga og reka framleiðslu, dreifingu og sölu. Að auki eiga og reka mörg fyrirtækjanna vatnsveitur og aðrar veitur. Þannig ráða sömu fyrirtæki allri virðiskeðjunni; frumframleiðslu, dreifingu og sölu. Þar að auki er hluti af starfseminni háður sérleyfi. Samkeppni er erfið við þessar aðstæður. Umræða um aðskilnað sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi fer fram alls staðar í Evrópu. Í nýlegri skýrslu Evrópusambandsins er lögð áhersla á að fylgt verði eftir breytingum á raforkulögum landanna þar sem lagður var

grunnur að aðskilnaði milli sérleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi raforkumarkaðar.

Samkeppni þarf í orkusöluna

Auka þarf samkeppni í orkusölnunni sjálfri. Landsvirkjun er markaðsráðandi sem eini heildsalinn en allir aðrir, sem framleiða orku, nota hana að mestu sjálfir. Landsvirkjun er eina fyrirtækið sem hefur gefið út gjaldskrá og getur ekki mismunað viðskiptavinum sínum vegna markaðsráðandi stöðu. Því má segja að orkuhluti verðsins sé fastur. Lítil hvari er til að laða að sér viðskiptavinum og það hamlar vexti söluvirkjunnar og nýir seljendur eiga erfitt með að komast að.

Flókin eignaraðild

Til að flækja málið enn frekar er eignaraðild flókin með ríki og Reykjavíkurborg í fararbroddi og þessir sömu aðilar setja svo leikreglurnar fyrir sjálfa sig og aðra sem vilja koma inn á þennan markað. Það er eðlilegra að einkaaðilar eigi og reki fyrirtæki á þessum samkeppnismarkaði og ríki setji leikreglur sem þau vinna eftir.

Á haustmánuðum lýstu Samtök iðnaðarins andstöðu við lagafrumvarp þar sem lagt var til að Rarik og Orkubú Vestfjarða yrðu dótturfélög í eigu Landsvirkjunar. Frekari sameining orkufyrirtækjanna gengur þvert á fyrirtælinir stjórnvalda um að stuðla að samkeppni á raforkumarkaði. Bent var á að til að auka samkeppni á raforkumarkaði þarf að gera skipulagsbreytingar sem skapa meira jafnræði milli framleiðenda.



Helgi Magnússon formaður SI og Kristín Ingólfssdóttir rektor undirrita samning um Alþjóðamálastofnun

Vaxandi þýðing alþjóðamála

Hnattvæðing stjórn mála og viðskipta skiptir æ meira máli hérlendis, ekki síst fyrir öfluga framsókn íslenskra fyrirtækja af margvíslegum toga vítt og breytt um heiminn. Því er í senn nauðsynlegt og skynsamlegt að stórefla skilning, kunnáttu og færni Íslendinga á sviði alþjóðamála.

Samtök iðnaðarins hafa alla tíð lagt áherslu á þennan þátt í starfi sínu, m.a. með samstarfi við háskólasamfélagið. Nýjasta dæmið um þetta er ákvörðun um að Samtök iðnaðarins gerist bakhjarl Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki við Háskóla Íslands og styrkja stofnanirnar um sem svarar 2,5 milljónir króna á ári í þrjú ár. Í samningnum felst meðal annars að stofnanirnar tvær munu með stuðningi SI efla Evrópurannsóknir við Háskóla Íslands og byggja upp þekkingu á áhrifum Evrópusamvinnu á íslenskt samfélag og atvinnulíf.

Ýtt undir fræðimennsku

Allt að sex styrkir verða veittir á samningstímanum til loka-kerfna meistaranema við HÍ enda tengist viðfangsefni atvinnulífi og hafi skírskotun til Evrópumála. Fyrstu styrkirnir verða veittir árið 2007 en þá verður einnig haldinn í fyrsta sinn Dagur ungra fræðimanna en hugmyndin er að reyna að gera hann að árlegum viðburði. Þetta verður ráðstefna sem haldin verður í Háskóla Íslands og verður meistara- og doktorsnemum, sem numið hafa hvarvetna í heiminum, gefinn kostur á að kynna rannsóknir sínar á sviði Evrópufræða og ræða efni þeirra. Með þessum hætti vilja Samtök iðnaðarins stuðla að nauðsynlegum rannsóknum og styrkja

þannig undirstöðu fræðilegrar umræðu á Íslandi um þessi efni.

Opin umræða

Að síðustu ber að nefna að staðið verður fyrir hringborðsumræðum, fræðslufundum og útgáfu með þátttöku fræðimanna úr háskólasamfélaginu og sérfræðinga úr atvinnulífinu og rannsóknir kynntar almenningi, fræðimönnum og stúdentum. Þegar hafa verið haldnir tveir mjög góðir fundir í tengslum við þetta samstarf. Sá fyrri var opinn fundur stjórnar og ráðgjafaráðs 11. maí. Þar var fjallað um Evrópumál frá ólíkum sjónarhornum. Til þess voru fengnir kunnáttumenn hver á sínu sviði en Helgi Magnússon stýrði fundi. Sá síðari var haldinn á vegum Alþjóðamálastofnunar í Þjóðminjasafninu og tókst ákaflega vel, var fjölsóttur og fróðlegur. Þar varaði utanríkisráðherra við því að Íslendingar festust í gettói hugarfarsins þegar Evrópumálin eru annars vegar.





Framtíðin í okkar höndum

Rúmlega 400 manna fundur stjórnenda og starfsmanna hátækniyrirtækja og háskólanema í raunvísindum skoraði einróma á ríkisstjórnina að beita sér markvisst fyrir uppbyggingu hátækniidnaðar á Íslandi. Fundurinn er sá fjölsóttasti sem Samtök iðnaðarins hafa staðið fyrir.

Halda verður rétt á spilum

Í áskoruninni segir m.a. að margt hafi áunnist í almennum starfsskilyrðum á undanfönum árum og atvinnulíf Íslendinga sé mun fjölbreyttara en áður var. Þar vegi þungt ör vöxtur hátækni undanfarinn áratug. Sú þróun sé mikilvægur þáttur í endursköpun íslensks atvinnulífs á tímum hnattvæðingar og aukinnar samkeppni. Sé hins vegar ekki rétt á spilunum haldið sé hætt á að við glötum fjármagni, framleiðslu og fólki til annarra landa. Besta leiðin til þess að nýta tækifærin sé að efla menntun, rannsókn- og þróunarstarf og greiða fyrir vexti hátækniidnaðar sem skapar verðmæt störf og útflutningsverðmæti.

Þess vegna sé skorað ríkisstjórn Íslands að beita sér markvisst fyrir uppbyggingu hátækniidnaðar á Íslandi.

Ítarlegar tillögur

Áskoruninni fylgdu ítarlegar tillögur í fjórtán liðum um margvísleg atriði sem gætu horft til bóta til að örva vöxt hátækni. Talið er í senn skynsamlegt og nauðsynlegt að:

- móta skýra stefnu og setja markmið um uppbyggingu hátækniidnaðar

- taka upp endurgreiðsluferfi vegna rannsókn- og þróunarverkefna
- afnema samkeppnisforskot sem virðisaukaskattur skapar stofnunum
- auka útvistun verkefna og hætta samkeppni hins opinbera við einkaaðila
- setja nauðsynlegan lagaramma um framtafsfjárfestingar
- virðisaukaskattur verði frádráttarbær á uppbyggingartíma
- gera Nýsköpunarsjóð öflugan og sjálfstæðan
- efla Tækniþróunarsjóð með auknu fé
- stórefla sókn í verk-, tækni- og raungreinamenntun
- eitt ráðuneyti sjái um málefni atvinnuveganna
- sameina rannsóknastofnanir atvinnuveganna í öfluga rannsóknamiðstöð
- straumlínulaga stoðkerfi atvinnulífsins og setja því markmið
- koma á stöðugleika með því að draga úr gengissveiflum
- efnahagsstjórnin leiði ekki til vaxtastigs sem er miklu hærra en ella

Ekki er að efa að fundurinn hefur orðið til þess að sýna stjórnvöldum svart á hvítu að það er full alvara að baki þessum tillögum. Fullyrða má að fundurinn hafi orðið til þess að koma þessum málefnum á kortið og örvað mjög alla umræðu um málið. Þá má þegar sjá þess stað að stjórnvöld vilji eða hafi þegar tekið tillit til nokkurra atriða sem áskorunin tekur til. Samtök iðnaðarins munu vinna áfram að þessum verkefnum af fullum þunga.

Iðan á Hallveigarstíg

Í áratugi hefur húsið að Hallveigarstíg 1 verið nátengt íslenskum iðnaði og ýmist kallað Iðnaðarhúsið, Hús iðnaðarins eða Iðnaðarmannahúsið. Bygging hússins var á sínum tíma samstarfsverkefni fjölmargra félaga í iðnaði, bæði atvinnurekenda og launþega að ógleymdu því fornfræga félagi Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík. Áratugir eru síðan launþegafélögin hurfu úr húsinu og seldu sinn hlut og smám saman hefur fækkað í hópi eigenda að Húsfélagi iðnaðarins. Mesta breytingin varð svo með tilurð Samtaka iðnaðarins 1994 þegar Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna sameinuðust en bæði höfðu þau verið eigendur að húsinu.

Eftir að Samtök iðnaðarins og Útflutningsráð Íslands fluttu af Hallveigarstígnum að Borgartúni 35 tók stjórn Húsfélags iðnaðarins þá stefnu að skipta húsinu upp í fjóra eignarhluta og bjóða til sölu. Þriðja og fjórða hæð hússins eru nú í eigu Félagsbústaða Reykjavíkur. Aðra hæðina á Alþýðuhús Reykjavíkur og Sigfúsarsjóður og þar er Samfylkingin nú til húsa. Samkomusalir í kjallara hússins hafa nýlega verið seldir Haga-torgi ehf. sem rekur þar skemmtistaðinn Lídó.

Húsfélag iðnaðarins á nú einungis fyrstu hæð hússins að Hallveigarstíg 1 sem er réttur þriðjungur af húsinu. Auk Samtaka iðnaðarins eru Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, Félag pípulagningameistara og Málarameistarafélag Reykjavíkur nú eigendur að þeim eignarhlut. Þar er nú rekið öflugt endurmenntunarstarf IÐUNNAR -fræðsluseturs ehf.



Fagleg og lögleg

Í vor fór Félag íslenskra snyrtifræðinga í markaðsátak undir slagorðinu „Fagleg og lögleg þjónusta í boði.“

Auglýsingarnar vöktu mikla athygli og mikið var spurt um átakið. Óhætt er að fullyrða að átak af þessu tagi eflir gæðavitund viðskiptavina sem í auknum mæli spyrja um menntun starfsfólksins og vilja vita hvað þeir greiða fyrir.

Félagar úr Félagi íslenskra snyrtifræðinga fjölmenntu síðan í Borgarnes í september þar sem Davíð Lúðvíksson hjá Samtökum iðnaðarins stýrði sólarhrings stefnumótunarvinnu. Margar góðar og athyglisverðar hugmyndir voru settar fram og verið er að vinna úr þeim niðurstöðum.

Fagleg og lögleg þjónusta í boði

Lögleg menntun snyrtifræðinga tryggir að fagmennska í snyrtingu og förbun og réttu og þægilega húðmeðferð. Þú finnur snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga um land allt. Sjá nánar á mleista.is.

Félag íslenskra snyrtifræðinga

Guðrún fær fjöregg MNÍ

Matvæladagur MNÍ var haldinn í 14. sinn árið 2006. Samtök iðnaðarins hafa frá upphafi veitt matvæla- og næringarfræðingum margvíslegan stuðning við að halda Matvæladaginn og ævinlega gefið Fjöreggið sem veitt er í tilefni dagsins og tekið þátt í störfum dómnefndarinnar sem velur það.

Að þessu sinni var ákveðið að gefa Fjöregginu heldur meira rými í dagskrá Matvæladagsins en venja er til. Gerð var nokkuð ítarleg grein fyrir fimm álitlegustu tilnefningunum að mati dómnefndar og Einar Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra fenginn í lið með Jóni Steindóri Valdimarssyni, formanni dómnefndar við að afhenda Fjöreggið.

Öfgalaus fræðsla best

Fjöreggið kom í hlut Guðrúnar Adólfssdóttur hjá Rannsóknabjónustunni Sýni. Formaður sagði m.a. um Guðrúnu: „Það leynir sér ekki að Guðrún hefur mjög mikinn áhuga á mat og matarmenningu hverskonar. Hún heldur námskeið, bæði fyrir starfsfólk mötuneyta og starfsmenn fyrirtækja og stofnana. Námskeiðin kallar hún Borðum betur og eru haldin fyrir fyrirtæki og stofnanir. Á námskeiðunum leggur hún áherslu á breytt hugarfar, nýjar venjur og spennandi eldamensku. Henni tekst vel að vekja áhuga fólks á fjölbreyttum, bragð-



Guðrún með Fjöreggið áamt Einari K. Guðfinnssyni, sjávarútvegsráðherra, sem afhenti henni gripinn og Jón Steindór, formaður dómnefndar

góðum og hollum mat á öfgalausán hátt. Aðferðafræði Guðrúnar er til þess fallin að skila okkur árangri, vekja okkur til umhugsunar um það sem við borðum, gæta hófs og fjölbreytni og stuðla þannig að bættri lýðheilsu.“

Matvæladagurinn fjallaði annars um matvælaíðnaðinn og ýmsir félagsmenn Samtakanna lögðu til efni á dagskrána og greindu frá stöðu og þróun í hinum ýmsu greinum matvælaíðnaðar.



Glæsilegur verðlaunagripur

Fjöregg MNÍ er hannað og framleitt sérstaklega fyrir félagið hjá Gleri í Bergvík. Fjöreggið hefur verið veitt árlega á matvæladegi í 14 ár. Samtök iðnaðarins hafa kostað gripinn frá upphafi.

Stefnumótun í hársnyrtið



Félagar úr Meistarafélagi í hárgreiðslu efndu til stefnumótunar í maí. Fulltrúar frá Iðnskólanum í Reykjavík tóku einnig þátt í starfinu og umræðan var kraftmikil og margar góðar hugmyndir settar fram.



Tillögum var síðan forgangsraðað og er ætluin að byggja starfsáætlun félagsins fyrir næstu ár á þeim niðurstöðum. Stefnumótun af þessu tagi hefur gefið góða raun hjá fjölmörgum félögum og hópum innan Samtaka iðnaðarins og hjálpað þeim að gera starf sitt skilvirkara og markvissara. Ekki er að efa að hið sama verði upp á teningnum hjá hárgreiðslufólki.

Hýru auga rennt til evru

Samtök iðnaðarins hafa mótað sér þá stefnu að rétt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka evru upp sem gjaldmiðil í stað krónu. Þessa stefnu mörkuðu stjórn og ráðgjafar áð og Iðnþing staðfesti hana. Rökin eru fyrst og fremst efnahagsleg og lúta að starfsskilyrðum fyrirtækja á Íslandi og lífskjörum almennings. Önnur mikilvæg rök varða fullveldi landsins og þátttöku við mótun og töku ákvarðana sem snerta hagsmuni og framtíð þjóðarinnar á flestum sviðum.

Það er ekki svo að allir séu sammála um Evrópumálin frekar en gildir um almenning allan. Það verður aldrei. Þess vegna er mikilvægt aðbyggja stefnumörkun á vandaðri stefnu-mótunavinnu og haldgóðum upplýsingum um viðhorf félagsmanna því að aðild að ESB er stórmál. Samtök iðnaðarins hafa átt góða samvinnu við IMG Gallup, nú Capacent Gallup, sem hefur séð um framkvæmd allra viðhorfskannana Samtakanna um Evrópumálin.

Ef horft er til breytinga á viðhorfum félagsmanna til tveggja lykilspurninga frá árinu 2000 koma í ljós talsverðar sveiflur. Eins og glögg má sjá er mestur og stöðugastur stuðningur við evru í stað krónu. Sama gildir um spurninguna hvort félagsmenn vilji taka upp aðildarviðræður við ESB. Afgerandi meirihluti er hlynntur í báðum tilvikum.



Hefur sannað gildi sitt

Nýsköpunarsjóður námsmanna var stofnaður 1992 til þess að útvega áhugasömum nemendum sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Á undanförunum tólf árum hefur sjóðnum tekist að ávinna sér nafn og gott orð fyrir vinnu þeirra mörg hundruð námsmanna sem starfað hafa á hans vegum og niðurstöður verkefna sem þeir hafa leyst af hendi.

Hvatning og tækifæri

Styrkjum er úthlutað til kennara á háskólastigi, fyrirtækja, rannsóknastofnana eða einstaklinga sem teljast hafa sérþekkingu á ákveðnu sviði, til þess að ráða stúdenta til sumarstarfa. Markmið sjóðsins er að stuðla að nýsköpun, jafnt fyrir atvinnulíf sem á fræðasviði.

Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir þá hvatningu og tækifæri sem hann veitir námsmönnum.

Samtökin virk í starfi NSN

Samtök iðnaðarins hafa frá upphafi tekið þátt í starfsemi sjóðsins og eiga sæti í stjórn hans sem kemur að mati verkefna. Þá eiga samtökin fulltrúa í dómnefnd sem metur niðurstöður verkefna vegna Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Verðlaunin voru fyrst veitt árið 1996. Fjöldmörg áhugaverð verkefni hafa verið unnin með stuðningi sjóðsins fyrir félagsmenn Samtaka iðnaðarins auk þess sem þau hafa ráðið til sín stúdenta til starfa yfir sumarið með góðum árangri. Gott dæmi um slíkt

verkefni er úttekt á starfsumhverfi sprotafyrirtækja sem unnið var í sumar.

NSN
NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
NÁMSMANNA



Prepaskipt vottun

Samtök iðnaðarins, í samvinnu við Málm, félag fyrirtækja í málm- og skipasmíði, bjóða nú fyrirtækjum úttekkt og viðurkenningu á hvar þau standa varðandi rekstur og stjórnun. Verkefnið hófst með könnun sem Málmur gerði meðal félagsmanna sinna til að kanna hvernig mætti bæta framleiðni í greininni. Niðurstaðan úr könnuninni varð m.a. sú að bætt verklag við stjórnun og rekstur gæti almennt skilað fyrirtækjunum betri afkomu en nú er.

Fyrirkomulagið er þannig að búið er að flokka helstu stjórnunar- og rekstrarferla í fjögur þrep. Að baki sérhvers ferils er að finna lágmarkskröfu um markvisst verklag. Fyrirtækin hafa samband við starfsmann SI sem kemur í heimsókn og gerir úttekkt á fyrsta þrepi. Það verklag sem ekki stenst kröfur lagfæra stjórnendur innan umsamins tíma og að því búnu er gerð ný úttekkt. Veitt er sérstök viðurkenning að hverju þrepi loknu. Síðan hefst sami ferill við næsta þrep.

Auk viðurkenningarinnar er slík úttekkt mjög gagnleg fyrir stjórnendur fyrirtækjanna sem samtímis líta upp úr erli dagsins og skoða, ræða og bæta hefðbundið verklag með opnum huga. Þessi þjónusta stendur öllum til boða. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri SI um gæðastjórnun www.si.is/gsi.

Stjórnarkjör

Að venju fór fram stjórnarkjör í tengslum við Iðnþing. Þetta er póstkosning og eru úrslit kunngerð á Iðnþingi. Kosningaþáttaka var góð eða rúm 73% en kosningin fer fram dagana fyrir Iðnþing og eru atkvæði félagsmanna í samræmi við greidd félagsgjöld.

Helgi Magnússon, Eignahaldsfélagi Hörpu ehf., var kjörinn formaður. Helgi er ekki alls ókunnur starfi stjórnar Samtakanna því að hann sat í stjórn þeirra árin 1995 til 2001.

Samkvæmt lögum Samtaka iðnaðarins er gert ráð fyrir að ekki sé setið lengur í stjórn en sex ár samfleytt sem stjórnarmaður eða formaður. Vegna þessarar reglu hvarf Hreinn Jakobsson, Skýrr hf., úr stjórn en Halla Bogadóttir, Höllu Boga gullsmíði, gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Helmingur stjórnar er kosinn á

hverju ári til tveggja ára í senn. Að þessu sinni náðu kjöri þau Anna María Jónsdóttir, Laugum Spa snyrtistofu, og Ingvar Kristinsson, Landsteinum Streng hf., sem eru ný í stjórninni, og Þorsteinn Víglundsson, B.M. Vallá ehf., sem var endurkjörinn í stjórnina. Fyrir í stjórninni voru þau Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitári ehf., Hörður Arnarson, Marel hf., Loftur Árnason, Ístaki hf. og Sigurður Bragi Guðmundsson, Plastprenti hf. Stjórn Samtaka iðnaðarins skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum og er Hörður Arnarson varaformaður en Aðalheiður Héðinsdóttir ritari.

Þeir sex, sem næstir því voru að ná kjöri til stjórnar, taka sæti í ráðgjafaráði. Það voru þeir Bolli Árnason, Helgi Jóhannesson, Jakob K. Kristjánsson, Karl Þráinsson, Sveinbjörn Hjálmarsson og Vígfús Kr. Hjartarson.

Íslenska á vinnustað – já, takk!

Uppsveifla á íslenskum vinnumarkaði undanfarin ár hefur leitt til þess að erlendu starfsfólki hefur fjölgað geysilega á íslenskum vinnumarkaði. Aðgengi að vinnuafli erlendis hefur gert okkur kleift að vinna mörg stór verkefni samtímis án kollsteypu á vinnumarkaði.

Þessi þróun hefur leitt til þess að nú standa mjög mörg fyrirtæki frammi fyrir nýju og vandasömu verkefni sem felst í því að gefa erlendu starfsfólki tækifæri til að laga sig að nýjum aðstæðum, læra nýtt tungumál og nýja menningu.

Samtök iðnaðarins hafa auglýst mikilvægi þess að fyrirtæki styðji við íslenskukennslu starfsmanna sinna. Nú færast í vöxt að starfsfólki sé kennt í vinnutíma. Slíkt auðveldar því að þjálfva tungumálið við hversdagslegar aðstæður. Vert er að benda á að með því að styðja við starfstengda íslensku



skapa stjórnendur heilbrigðan og samhentan vinnustað.

Það er ekki nýtt af nálinni að Samtök iðnaðarins hafi hvatt aðildarfyrirtæki sín til að gefa íslenskukennslu gaum. Iðn-fyrirtækjum hafa m.a. staðið til boða styrkir hjá Starfsafli og Landsmennt til að greiða niður íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk.

Stjórnvöld ákváðu að auka fjárframlög til þessa málaflokks myndarlega á þessu ári, eða úr um 20 í 100 milljónir króna. Ástæða er til að hvetja starfsmannastjóra og aðra forráðamenn fyrirtækja til að kynna sér tækifærin sem bjóðast í þessu sambandi.

Gríðarleg uppbygging fyrir austan

Samtök iðnaðarins opnuðu á árinu skrifstofu á Egilsstöðum sem ætlað er það hlutverk að þjóna félagsmönnum á Austurlandi. Skrifstofunni hefur að mestu verið þjónað frá skrifstofu Samtakanna á Akureyri en aðrir starfsmenn Samtaka iðnaðarins hafa einnig sinnt verkefnum.

Aukin bjartsýni

Sú gríðarlega uppbygging, sem hefur orðið á Austurlandi samhliða byggingu álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, sýnir svo að ekki verður um villst hversu mikilvægar þessar framkvæmdir eru fyrir allt atvinnulíf á Austurlandi. Auk þeirrar miklu vinnu, sem tengist beint framkvæmdunum við Kárahnjúka og á Reyðarfirði, er þensla á fasteignamarkaði og íbúðir byggðar á öllu Mið-Austurlandi eftir áralangan samdrátt. Þá er verið að stækka skóla, byggja íþróttahús og unnið að öðrum opinberum framkvæmdum. Verslun og þjónusta hafa stórauðist og ferðaþjónustan

blómstrar sem aldrei fyrr. Framkvæmdirnar hafa því meiri eða minni áhrif á allt atvinnulíf svæðisins og hafa aukið íbúunum bjartsýni og trú á framtíðina.

Breytt vinnubrögð

Þessi mikla viðbót við atvinnulífið hefur haft veruleg áhrif á iðnfyrirtæki á Austurlandi. Þess verður ekki aðeins vart sé litið á verkefnastöðu og vöxt fyrirtækjanna, heldur hafa mörg þeirra notað þetta tækifæri til verulegra umbóta á sviði rekstrar og stjórnunar. Sú mikla áhersla, sem Bectel og Alcoa Fjarðaál leggja á öryggismál og gæðastjórnun, hefur ýtt við mönnum. Nú þegar vinna átta iðnfyrirtæki á Austurlandi að því taka í notkun gæðastjórnunarkerfi Samtaka iðnaðarins til að vera betur í stakk búin til að takast á við verkefni og samkeppni framtíðarinnar.

Hópurinn þéttist

Ákvörðun Alcoa Fjarðaáls um að bjóða út nær alla þjónustu, sem fyrirtækið

þarf á að halda, hefur leitt til þess að fyrirtæki í málmíðnaði, verktakastarfsemi, rafiðnaði og byggingariðnaði hafa tekið höndum saman um þau verkefni sem framundan eru. Fyrirtækið Launafli ehf. var stofnað í þessu sambandi og hafa starfsmenn Samtaka iðnaðarins unnið með fyrirtækjunum að því að tryggja sem best stöðu þeirra og samkeppnishæfni. Eftir nýlegt útboð Alcoa Fjarðaáls er Launafli ehf. eitt þriggja fyrirtækja sem ákveðið hefur verið að semja við um viðhald og ýmsa þjónustu á sviði málm- og rafiðnaðar við rekstur álversins í framtíðinni.

Fyrirtæki í öðrum starfsgreinum hafa einnig unnið að endurskipulagningu rekstrarins og ýmsum endurbótum til að vera betur í stakk búin til að mæta þeirri samkeppni sem vænta má hvað varðar þjónustu við Alcoa Fjarðaál.

Prenttæknistofnun sameinast IÐUNNI

Prenttæknistofnun rann saman við IÐUNA-fræðslusetur og er nú prenttæknisvið hennar. Hlutverk hins nýja prenttæknisviðs er óbreytt frá því sem var, þ.e. símenntun, framkvæmd sveinsprófa, umsýsla fyrir nemaleyfisnefndir og starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina auk upplýsingamiðlunar til prentiðnaðarins. Sviðsstjóri Prenttæknisviðs er Björn M. Sigurjónsson sem áður var framkvæmdastjóri Prenttæknistofnunar.

Aukin þjónusta með sameiningu

Viðskiptavinir Prenttæknisviðs munu strax verða varir við aukna þjónustu IÐUNNAR. Í boði verða fleiri námskeið í stjórnun og rekstri auk námskeiða fyrir leiðbeinendur í starfsþjálfun á vinnustað. Á Prenttæknisviðinu sjálfu er

ætlunin að bjóða námskeið í öllum greinum prentiðnaðar á hverju ári auk annarra námskeiða sem viðskiptavinir sviðsins telja þörf fyrir. Hins vegar er ástæða til að minna á að verkefni af þessum toga er langtímaverkefni.

Parfaggreining

Í nóvember og desember á hverju ári er gerð könnun á þörf fyrir símenntun í prentiðngreinum af prenttæknisviði. Viðtakendur eru beðnir um að svara því hvaða námskeið þeir myndu sækja á næstu 6–12 mánuðum og niðurstöðurnar eru hafðar til hliðsjónar við skipulag fræðslustarfsins. Árangur af þessu verklagi var mjög góður á árinu 2006. Hlutfall þeirra, sem sóttu námskeið úr prentiðnaði, jókst úr 12% í 24% og var þátttakendur á námskeiðum prenttækni-

sviðs voru alls um 240 í árslok. Þetta var gert án aukins kostnaðar og er fyrst og fremst árangur sem næst með skipulögðum vinnubrögðum.

Fingur á pulsi breytinga

Hlutverk prenttæknisviðs og SI er að fylgjast rækilega með nýjungum í prentiðnaði á alþjóðavettvangi. Til þess að auðvelda það verkefni tekur prenttæknisvið og SI þátt í stjórnnum tvennra alþjóðlegra samtaka sem láta sig símenntun í grafískum iðnaði varða. EGIN samtökin eru samtök sem stjórnendur símenntunarmiðstöðva í Evrópu taka þátt í. Á hverju ári koma þessir aðilar saman og skiptast á upplýsingum, tengslum og fróðleik. Fyrir litla eyþjóð eins og Íslendinga er ómetanlegt að hafa aðgang að helstu mennta-



ÍÐAN fræðslusetur

Samtök iðnaðarins hafa lengi talað fyrir aukinni samvinnu eða samruna fræðslumiðstöðva í iðnaði. Þau hafa talið slíkt vera í takt við þróun í atvinnulífinu. Hagsmunagæsla og þjónusta við fyrirtæki er í minnkandi mæli tengd atvinnuvegum eða einstökum starfsgreinum heldur leggur atvinnulífið áherslu á sambærileg skilyrði fyrir öll fyrirtæki. Meðal slíkra skilyrða er gott aðgengi að vel menntuðu og færur starfsfólki.

Samtök iðnaðarins hafa um langt árabil átt aðild að fjórum fræðslumiðstöðvum í iðnaði: Menntafélagi byggingariðnaðarins, Fræðslumiðstöð málm-iðnaðarins, Prenttæknistofnun og Fræðsluráði hótél- og matvælagreina. Þau hafa verið bakhjarl þessara miðstöðva ásamt öðrum félögum í viðkomandi greinum; Samiðn, MATVÍS, Félagið

stofnunum Evrópu í símenntun prentiðnaðar.

Prenttæknisvið og SI einnig sæti í stjórn Xplor Ísland sem eru alþjóðleg samtök á sviði upplýsinga- og gagnavinnslu í prentiðnaði sem hafa það að meginmarkmiði að standa fyrir alþjóðlegum fræðslumessum og ráðstefnum. Þá eru ótalin sambönd og tengsl við háskóla og tækniskóla í Danmörku, Þýskalandi, Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar um heim.

Öll sú vinna, sem lögð er í alþjóðleg tengsl, miðar að því að skapa farveg upplýsinga og þekkingar. Jafnframt taka Samtök iðnaðarins þátt í starfi Nordisk Grafísk Råd sem eru samtök Norðurlandþjóða í grafískum greinum.



Stjórn ÍÐUNNAR: Georg Páll Skúlason, Erna Arnardóttir, Hákon Hákonarson, Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri, Erna Hauksdóttir, Sveinn Hannesson, formaður, Guðmundur Ómar Guðmundsson, forsteinn Víglundsson, Niels S. Olgeirsson.

bókagerðarmanna og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Samningar takast

Í ársbyrjun 2006 tókust samningar með bakhjörllum um að stofna ÍÐUNA fræðslusetur með samruna fræðslumiðstöðvanna fjögurra. Á vormánuðum var Hildur Elín Vignir ráðin framkvæmdastjóri ÍÐUNNAR. Í samstarfssamningi stofnaðila er kveðið á um að ÍÐAN skuli starfrækja sí- og endurmenntun og jafnvel meistaranám. ÍÐAN mun taka þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum um hæfni í iðnaði og iðnmenntun og leiða samskipti við stjórnvöld um fræðslumál viðkomandi greina.

Vex fiskur um hrygg

ÍÐUNNI hefur vaxið enn frekar fiskur um hrygg frá stofnun. Í desember var skrifað undir viljayfirlýsingu við Bílgreinasambandið og Félag iðn- og tæknigreina þess efnis að Fræðslumiðstöð bílgreina og ÍÐAN fræðslusetur

sameinuðust. Þar með er bílgreinasvið orðið fimmta svið ÍÐUNNAR. Fyrir eru bygginga- og mannvirkjasvið, málm- og véltæknisvið, prenttæknisvið og matvælasvið.

Síðla árs 2006 undirritaði VM - Félag vélstjóra og málm-tæknimanna samstarfssamning við ÍÐUNA. Með samningnum er tryggt að allir félagsmenn VM njóti sömu kjara og aðrir aðilar að ÍÐUNNI. Einnig var staðfest að leita samstarfs við Fjöltækniskóla Íslands um faglegan hluta símenntunar vélstjórnarmenntaðra manna. Meistarasamband byggingamanna, Múrarafélag Reykjavíkur og Sveinafélag pípulagn-ingamanna hafa sömuleiðis samið um að fela ÍÐUNNI símenntun félagsmanna sinna.

ÍÐAN sinnir nú rúmlega 15 þúsund aðildarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum og veitir þjónustu á sviði símenntunar, starfsnáms og námskrárgerðar.

Keppt að sama marki



Samtök iðnaðarins gáfu út bæklinginn „Keppt að sama marki“ í október. Þetta er upplýsingabæklingur sem hvetur matvælaframleiðendur til að hafa hugfast mikilvægi hollustu, næringar og hreyfingar jafnt innan fyrirtækja sem út á við til viðskiptavina. Í bæklingnum er fjallað um vöruþróun, upplýsingamiðlun til neytenda og heilsuefingu á vinnustöðum út frá þessu sjónarhorni.

Með útgáfu bæklingins leggur matvælaíðnaðurinn sitt af

mörkum til að efla lýðheilsu og sporna við offituvandanum. Samtökin telja að í baráttunni við offitu sé farsælast að leggja áherslu á hófsemi og ábyrgð einstaklingsins. Fjölmargir matvælaframleiðendur, ráðherrar heilbrigðis- og umhverfismála og forstjóri Lýðheilsustöðvar lögðu málefnum lið með því að vera með í myndefni sem þrýðir bæklinginn. Samtök iðnaðarins kunna þeim öllum bestu þakkir fyrir.

Lyktir í máli Margmiðlunarskólans

Í sumar lauk endanlega máli Margmiðlunarskólans með undirritun samnings milli Prenttæknistofnunar og Rafiðnaðarskólans um uppgjör vegna sameiginlegs reksturs á skólanum. Þar með er rekstri Margmiðlunarskólans að fullu lokið og hvorugur aðila á kröfu á hinn umfram það sem greinir í samningnum. Málinu telst því lokið.

Margmiðlunarskólanum siglt í strand

Aðdraganda þessa máls má í stuttu máli rekja til loka ársins 1999 en þá gerðu Prenttæknistofnun og Rafiðnaðarskólinn samning um stofnun og rekstur Margmiðlunarskólans. Samkvæmt samningnum skyldi skólinn vera sjálfseignarstofnun og endurmenntunarsjóðir aðila bera jafna ábyrgð á rekstri og skuldbindingum.

Margmiðlunarskólinn hóf starfsemi í ársbyrjun 2000 en tveimur árum síðar kom í ljós að fjárhagsstaða skólans var

allt önnur og verri en þáverandi skólastjóri hafði kynnt og ráða mátti af gögnum sem lögð höfðu verið fyrir stjórn skólans. Ákveðið var að ljúka vorönn 2002 og hætta starfseminni skólans að henni lokinni eða koma henni í hendur nýs aðila. Um mitt ár 2002 tókust samningar við Iðnskólann í Reykjavík um að taka við starfseminni og kaupa lausafjármuni í eigu Margmiðlunarskólans sem unnt væri að nýta í hennar þágu.

Greitt úr flækjunni

Frá ársbyrjun 2002 hafa aðilar leitað við að staðreyna og greiða réttmætar kröfur á hendur Margmiðlunarskólanum og leysa úr ágreiningsmálum þar að lútandi. Þá hófust jafnframt viðræður milli aðila samnings þessa um innbyrðis uppgjör vegna kostnaðar sem var fallinn og fyrirséð að félli á þá vegna reksturs skólans.

Ákveðið var að bíða með endanlega samningagerð og uppgjör þar til fyrir lægi niðurstaða í dómsmálum sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis höfðaði á hendur Margmiðlunarskólanum. Annars vegar var um að ræða kröfu vegna yfirdráttar á tékkareikningi og hins vegar vegna skuldabréfs. Í báðum tilvikum hélt Margmiðlunarskólinn því fram að þáverandi skólastjóri hefði stofnað til þessara skuldbindinga í heimildarleysi.

Með dómi Hæstaréttar Íslands í október 2005 var Margmiðlunarskólinn sýknaður af greiðslu yfirdráttarskuldarinnar og með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur janúar 2006 var skólinn sýknaður af kröfu um greiðslu skuldabréfsins. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis tilkynnti skömmu síðar að hann yndi dómnum og hefði ekki uppi frekari kröfur í málinu.

Áhugaverð leið til stefnumótunar

Evrópskir tæknivettvangar eða European Technology Platforms er nýtt samstarfsform sem stendur íslenskum fyrir tækjum til boða. Þeir gegna lykilhlutverki í stefnumótun og skilgreiningu áhersluverkefna innan sjöundu rammaáætlunar Evrópusambandsins sem hefst 2007. Meginmarkmið þeirra er að örva samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar með vel skilgreindu rannsókn- og þróunarsamstarfi undir forystu fyrirtækja.


Vettvangarnir ná til allrar virðiskeðjunnar og er ætlað að tryggja að þekking, sem verður til í rannsóknastarfi, skili sér í nýrri tækni og verkferlum og að lokum í markaðshæfum vörum og þjónustu.

Vel skilgreint og skýrt verkferli

Vel skilgreint verklag hefur verið mótað við uppbyggingu tæknivettvanganna en það byggist á þriggja þrepa ferli um mótun framtíðarsýnar, skilgreiningu markmiða í rannsóknum og þróunarsarfi og varða leiðina til að ná þeim markmiðum.

Í fyrsta þrepi eru hagsmunaaðilar kallaðir saman undir stjórn iðnaðarins til að skilgreina sameiginlega framtíðarsýn þar sem gjarnan er horft nokkuð langt fram í tímann, t.d. til ársins 2020 eða jafnvel til ársins 2030.

Í öðru þrepi koma hagsmunaaðilarnir sér saman um stefnumarkandi rann-



sóknaáætlun, svokallaða Strategic Research Agenda, sem miðar að því að skilgreina langtíamarkmið um tækniuppbyggingu viðkomandi sviði.

Í þriðja þrepi fylgja hagsmunaaðilar áætlun sinni eftir með því að útvega og virkja nauðsynlegar mannaflaegar og fjárhagslegar forsendur til að ná settum markmiðum.

Aðgengi og gegnsæi

Mikil áhersla er lögð á gegnsæi og aðgengi að Evrópsku tæknivettvöngunum, ekki síst fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á tæknisviðum. Í flestum löndum Evrópu hafa verið myndaðir samstarfsþópar hagsmunaaðila á viðkomandi sviðum, svokallaðir spegilþópar. Þeir gegna mikilvægu hlutverki sem tengiliðir landanna við vettvangana en einnig til að móta séráherslur landanna sem byggðar eru á aðstæðum í hverju landi.

Áhugavert fyrir íslensk fyrirtæki

Samtök iðnaðarins hafa unnið að mótun spegilþópa á þeim sviðum sem helst tengjast íslenskum hagsmunum. Þetta starf verður tengt starfsgreinaþópum SI eftir því sem við á. Einnig er stefnt að því að koma á samstarfi við aðra stuðningsaðila atvinnulífsins þar sem nauðsynlegt er að tryggja víðtæka þátttöku.

Þróun Evrópsku tæknivettvanganna hefur staðið yfir sl. tvö ár og eru þeir orðnir 29 og fleiri í bigerð. Allt að helmingur þeirra er á sviðum sem geta talist áhugaverð fyrir íslensk fyrirtæki og því er full ástæða til að þau íhugi virka þátttöku. Heildaryfirlit yfir alla vettvangana er á finna á vefsetrinu: cordis.europa.eu/technology-platforms/home_en.html.



Borðum grófar kornvörur

Landssamband bakameistarara gekkst fyrir markaðsátaki á árinu þar sem lögð er áhersla á mikilvægi trefja í mataræði. Félagið gaf út bækling sem dreift var til allra félagsmanna til að láta liggja frammi í bakaríunum. Í bæklingnum er gerð grein fyrir helstu kornvörum og hvers vegna mikilvægt

er að borða grófar kornvörur og vakin athygli á því mikla úrvali af hollum, trefjaríkum brauðum, úr heilu korni, sem finna má í bakaríunum. Bæklingurinn vakti verðskuldaða athygli og í kjölfar hans hefur mátt merkja aukna eftirspurn eftir grófum brauðum.

Tímamótasamningur um opinber innkaup

Hinn 1. nóvember 2006 undirrituðu fjármála- og iðnaðarráðherrar, Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og Ríkiskaup samkomulag um stofnun samstarfsvettvangs um opinber innkaup. Markmið samstarfsvettvangsins er að móta sameiginlega stefnu stjórnvalda og atvinnulífs um aðferðir við opinber innkaup sem styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun á Íslandi.

Samkomulagið er byggt á niðurstöðum áfangaskýrslu viðræðuhóps Ríkiskaupa og SI til fjármálaráðuneytisins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins en skýrslan var lögð fram í apríl 2006. Í þessu samkomulagi felst að hið opinbera taki þátt í því sem upplýstur kaupandi að vinna með fyrirtækjum að því að skilgreina og þróa lausnir sem mæta þörfum ríkisins á margvíslegum sviðum.

Nýsköpun í innkaupastefnu

Umræður um viðskipti Landhelgisgæslunnar og Ríkiskaupa við pólskar skipasmíðastöðvar og árangursleysi íslenskra fyrirtækja í útboðum þeim tengdum urðu tilefni viðræðna milli Samtaka iðnaðarins og Ríkiskaupa haustið 2005. Þær viðræður þróuðust í þá átt að farið var að fjalla almennt um hvert vægi sjónarmiða um nýsköpun ætti að vera í innkaupastefnu ríkisins og þá ekki síst í ljósi þróunar á því sviði einna Evrópusambandsins og þar með á markaðssvæði EES. Samtök iðnaðarins hafa löngum talið að innkaupastefna ríkisins, og raunar sveitarfélaga líka, væri alltof rígbundin við lægsta verð en væri á engan hátt nýtt til þess að mynda e.k. svigrúm sem leyfði að við mat á tilboðum væri einnig tekið tillit til iðnþróunarsjónarmiða eins og menn þóttust hafa orðið varir við að gert væri átölulaust á meginlandinu. Með því

væri lagður grunnur að nýsköpun og þróun sem leiddi síðan til enn meiri verðmætasköpunar í landinu og hið opinbera nyti góðs af eins og aðrir þegar tímar líða fram. Í löndum Evrópusambandsins og fleirum á EES-svæðinu er ekkert hik að við að skapa svigrúm í útboðsstefnu þeirra fyrir innlend fyrirtæki til að gefa þeim kost á að nýta opinber verkefni til að bæta samkeppnisstöðu sína og auka með því möguleika sína í hörðum heimi alþjóðaviðskipta. Þvert á móti er það talið nauðsynlegur hluti atvinnustefnu landanna og aukinnar verðmætasköpunar.

Stefnumótun

Næsta verkefni er að efna til stefnumótunarfundar með fulltrúum fyrirtækja og innkaupaaðila þar sem leitast verður við að skilgreina þann árangur, forsendur og áhersluverkefni sem þarf að vinna að á slíkum samstarfsvettvangi.



Stefna SI á sviði menntamála

Verkefnahópur Samtaka iðnaðarins á sviði menntamála hefur markað áherslur í starfi sínu í samræmi við stefnu Samtaka iðnaðarins. Verkefnin, sem unnið er að, eru mismikil að umfangi. Sum hafa tiltekið lokamarkmið sem ætlunin er að ná innan tiltekins tíma en að öðrum þarf stöðugt að vinna.

Hópurinn vann árið 2006 áætlun um einstök verkefni og eru þau helstu:

- Að vinna að kynningu iðn- og tæknimenntunar í samstarfi við IÐUNA-fræðslusetur ehf.
- Að stofna námsefnissjóð Samtaka

iðnaðarins. Það verkefni er þegar í höfn eftir að stjórn SI samþykkti að verja allt að 10 milljónum króna á ári til námsefnisgerðar á sviði iðnaðar. Úthlutanir eru þegar hafnar.

- Að meistaranámi iðngreina sé lyft á háskólastig. Mikilvægt sé einnig að bjóða iðnaðarmönnum stjórnunar- og rekstrarnám að loknu sveinsprófi. Framgangur verksins taki mið af tillögum nefndar um nýbreytni starfsnáms.
- Að vinnustaðakennsla sé metin til jafns við skólakennslu. Stjórnvöld

eiga að fjármagna vinnustaðakennslu til jafns við kennslu í skólum. Samtök iðnaðarins hafa þegar ákveðið að verja árlega tilteknu fjárframlagi til vinnustaðakennslu. Framtaka Samtakanna er ætlað að hvetja stjórnvöld til að leggja málinu lið. Unnið er að verklag við úthlutun kennslufjár.

- Að sameina fræðslumiðstöðvar iðnaðarins. Sú hefur orðið raunin með stofnun IÐUNNAR-fræðsluseturs.

Úttekt á starfsumhverfi sprota



Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja létu í sumar vinna ítarlega úttekt á stöðu og þróun sprotafyrirtækja og stuðningsumhverfi þeirra. Þar kom í ljós að verulegra umbóta er þörf í fjármögnun fyrirtækjanna og stuðningi við þróunar- og markaðsstarf.

Hilmar Björn Harðarson og Pálmi Blængsson, sem stunda nám á þriðja ári í viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík, unnu verkefnið í sumarvinnu með stuðningi Nýsköpunarsjóðs námsmanna en verkefnisstjórn skipuðu fulltrúar Háskólans í Reykjavík, Samtaka iðnaðarins og Samtaka sprotafyrirtækja.

Rannsóknin var tvíþætt, annars vegar meðal forráðamanna allra íslenskra sprotafyrirtækja sem vitað er um og hins vegar meðal hugsanlegra fjárfesta.

Gagnlegt en brotkennt

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar á stuðningsumhverfinu eru að margar þær aðgerðir, sem standa fyrirtækjunum til boða, eru ganglegar en sökum smæðar og stöðugra breytinga er stuðningsumhverfið frekar brotkennt og samhæfingu milli stuðningsaðgerða skortir.

Almennt má draga saman niðurstöður verkefnisins í eftirfarandi þætti.:


- Aðgengi að stuðningsaðgerðum er í mörgum tilvikum brotkennt og því ábótavant.
- Skortur er á upplýsingum um hvaða stuðningsaðgerðir standa til boða.
- Um fjórðungur íslenskra sprotafyrirtækja hefur fengið boð frá erlendum aðilum um að flytja

starfsemi sína úr landi og stór hluti þeirra er að skoða þau nánar.

- Skortur er á „bolinmóðu“ áhættufjármagni, þ.m.t. framtakssjóðum (e.venture capital), en bankar og lífeyrissjóðir vildu helst koma að

fjárfestingum gegnum slíka sjóði.

- Algengt er að töluvert beri í milli viðhorfa fjárfesta og frumkvöðla til fjárfestingar og fjármögnunar sprotafyrirtækja – brúa þarf það bil.



Stjörnu - Oddi fær nýsköpunarverðlaun

Hátæknifyrirtækið Stjörnu – Oddi fékk nýsköpunarverðlaun Rannís og Útflutningsráðs árið 2006. Þetta var í tíunda skipti sem verðlaunin voru veitt en áður hafa fyrirtæki eins og Vaki, Hugvit, Íslensk erfðagreining, Flaga, Bláa Lónið, Stofniskur og CCP fengið nýsköpunarverðlaunin fyrir framúrskarandi árangur á sviði nýsköpunar. Það er gleðilegt að mörg þessara fyrirtækja eru félagsmenn Samtaka iðnaðarins eins og Stjörnu-Oddi.

Góður árangur

Stjörnu – Oddi vinnur að því að þróa og framleiða mælitæki sem eru svo lítil og handhæg að hægt er að setja þau á fiska. Íslenskir rannsóknaraðilar hafa nýtt sér vörur fyrirtækisins og prófað við íslenskar aðstæður með góðum árangri. Öflugur heimamarkaður og góð samskipti við rannsakendur og stofnanir hafa skipt sköpum fyrir fyrirtækið og lagt grunn að góðum árangri í útrás en vörur fyrirtækisins hafa verið seldar til um 45 landa.



Sigmar Guðbjörnsson framkvæmdastjóri Stjörnu - Odda og eiginkona hans Jóhanna Ástvaldsdóttir veita nýsköpunarverðlaunum viðtöku. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra afhenti verðlaunin.

Harðar kröfur

Þau viðmið, sem notuð eru við nýsköpunarverðlaunin, eru hvort um sé að ræða nýtt sprotafyrirtæki, hvort það sé byggt á nýrri tækni og hugmynd og sé kröfuhart á þekkingu. Þá er lagt mat á virðisauka afurða og árangur á markaði og hvort fyrirtækið hafi náð sölusamningum. Metið er hvort líkur séu á að fyrirtækið haldi velli og hvort stjörnun nýsköpunar sé til eftirbreytni. Að lokum er metið hvort fyrirtækið sé hvatning fyrir aðra að feta sömu slóð.

VSk málið – útvistunarstefna ríkisins

Verkefnahópur Samtaka iðnaðarins um starfsskilyrði hefur fjallað um svokallað VSK mál og tekin var sú ákvörðun að skoða úrlausn þess frá víðara sjónarhorni en hingað til. Málið hefur aðallega verið borið uppi af baráttu upplýsingatæknifyrirtækja fyrir jafnri samkeppnisstöðu gagnvart upplýsingadeildum opinberra stofnanna, fjármálafyrirtækja og annarra sem eru undanþegnir greiðslu virðisaukaskatts af sinni starfsemi. Hingað til hefur ekki tekist að knýja fram viðunandi lausn og því þótti rétt að taka málið upp í víðara samhengi.

Núverandi reglur illframkvæmanlegar

Eins og virðisaukaskattslög og reglur kveða á um eiga ofangreindir aðilar að greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar varan er framleidd eða þjónustan innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila. Þá er kveðið á um að endurgreiða skuli ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt við kaup á tiltekinni þjónustu eða vöru. Vandinn við framangreindar reglur og framkvæmd þeirra er tvíþættur.

Reglur virtar að vettugi

Skylda opinberra og annarra óskattskyldra aðila til að greiða virðisaukaskatt af þjónustu til eigin nota er háð ýmsum takmörkunum. Þar reynir á skilgreiningaratriði bæði um það hvort um er að ræða starfsemi sem telst skattskyld þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi til eigin nota og hvort starfsemin sé í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Auk þess hefur á skort á að opinberar stofnanir og aðrir aðilar undanþegnir greiðslu virðisaukaskatts virði þessar reglur.

Kvikur markaður

Afar erfitt er að skilgreina fyrir fram hvaða vöru- eða þjónustukaup opinberra aðila veiti rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts. Einkaaðilar koma sífellt fram með nýja vöru og þjónustu en mörg ár tekur jafnan að breyta reglum til að unnt sé að bjóða opinberum aðilum þá þjónustu með eðlilegum hætti. Þá samrýmist það ekki jafnræði á markaði að endurgreiðslur séu bundnar við opinbera aðila þar sem dæmum um að einkaaðilar sinni opinberri þjónustu sem verktakar eða í einkaframkvæmd hefur sem betur fer fjölgað. Afleiðingin er sú að fyrirtækjum á almennum markaði er mismunað auk þess sem opinberir aðilar fara á mis við hagkvæmustu kaup.

Vonir vakna

Með nýrri Útvistunarstefnu ríkisins er ákveðið að ráðuneytin



hafi fyrir árslok 2006 markað sér stefnu um að auka útvistun verkefna. Í þessu felst m.a. að ráðuneyti og ríkisstofnanir eiga að setja fram forgangsörðun og tímaáætlun fyrir útvistun þeirrar þjónustu og rekstrarverkefna sem ríkið annast nú þegar og um ný verkefni. Í stefnunni felst einnig að sett verða fram mælanleg markmið og gerð verður árleg úttekt á vegum fjármálaráðuneytisins á framgangi stefnunnar. Markmiðið er að með útvistun nái ríkið 400 milljóna króna ávinningsi árlega á árunum 2007-2010, samtals 1,6 milljarði sem ríkisstofnunum er ætlað að nýta til að bæta þjónustu sína.

Vaskur virkar eins og tollvernd

Eins og að ofan er lýst standa gildandi reglur um virðisaukaskatt og framkvæmd þeirra í vegi fyrir því að opinberir aðilar geti nýtt til fulls tækifæri til hagkvæmra innkaupa á almennum markaði. Vörukaup og þjónusta, sem einkaaðilar bjóða og opinberir aðilar kaupa til starfsemi sinnar, fullnægja ekki skilyrðum um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Hann verður því að kostnaðarauka hjá viðkomandi ríkisstofnunum og fyrirtækjum. Gagnvart einkaaðilum jafngildir þetta því að opinber fyrirtæki og stofnanir, sem byggja upp eigin þjónustu á þessum sviðum, búi við 24,5% tollvernd.

Skýr afstaða

Það á ekki að stýra því með virðisaukaskatti hvaða vörur og þjónustu einkaaðilar geta boðið opinberum aðilum. Samtök iðnaðarins hafa lagt til við fjármálaráðuneytið að allur greiddur virðisaukaskattur verði endurgreiddur ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum en fjárframlög til þeirra lækkuð að sama skapi. Eftir stendur þá hjá þeim það hagræði að gera eigin innkaup með sem hagkvæmustum hætti. Þessi breyting er alger forsenda þess að útvistunarstefnan góða verði að veruleika.

Opinber innkaup í deiglunni

Í nóvember var lagt fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um opinber innkaup. Samtök iðnaðarins hafa látið sig mjög varða opinber innkaup og lagt ríka áherslu á sem bestar leikreglur.

Margt gott

Vonandi verður frumvarpið að lögum á næstunni. Margt horfir þar til verulegra bóta en annað er ekki eins og best verður á kosið. Það er fagnaðarefni að tekið er upp í 1. gr. að tilgangur laganna sé m.a. sá að efla nýsköpun og þróun við kaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Þá er mjög jákvætt að þar er að finna ákvæði sem snýr að fjárhagsstöðu bjóðanda þar sem heimilt er að sporna gegn kennitölufлакki en Samtök iðnaðarins hafa um árabíl vakið athygli á þessari meinsemd íslensks atvinnulífs.

Brotalöm

Alvarlegasti gallinn er að gert er ráð fyrir veigamikilli undantekningu frá útboðsskyldu og skortur á reglum varðandi sveitarfélög en gert er ráð fyrir að sveitarfélögum verði áfram í sjálfsvald sett hvort þau gangast undir þær auknu skyldur við opinber innkaup sem gilda um innkaup ríkis og ríkisstofnana. Með öðrum orðum falla sveitarfélög og innkaup þeirra ekki undir löginn nema þegar innkaupin eru það umfangsmikil að þau ná viðmiðunarmörkum EES. Þetta er alvarleg brotalöm.

Sömu umferðarreglur

Nauðsynlegt er að samsvarandi reglur gildi um alla þá aðila sem fara með opinbert fé. Reynslan er sú að oft rísa deilur þegar sveitarfélög bjóða ekki út verksamninga jafnvel fyrir mjög háar fjárhæðir. Óeðlilegt er að sveitarfélög geti metið hvort og hvenær þau ákveða að bjóða út allt að þeim viðmiðunarfjárhæðum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Með þeim hætti skapast einnig misræmi milli sveitarfélaga og það veldur erfiðleikum fyrir verktaka sem vita ekki hvaða reglur gilda innan hvers sveitarfélags. Má líkja þessu við að ólíkar umferðarreglur gildi milli sveitarfélaga.

Leyfa á frávík

Af öðrum atriðum, sem eru gagnrýniverð, má nefna að lagt er til að óheimilt verði að leggja fram frávíkstilboð nema það sé sérstaklega heimilt í útboðsgögnum. Ekki er að finna neinn rökstuðning fyrir þessum fyrirhuguðu breytingum. Að mati Samtaka iðnaðarins er góð reynsla af núverandi fyrirkomulagi sem hvetur til þess að fyrirtæki bjóði kaupanda aðrar lausnir en fram koma í tæknilegri lýsingu útboðsgagna og geta oft nýst kaupanda betur.



Námsefnisstyrkir

Styrkir til námsefnisgerðar í greinum sem varða iðnað

Samtök iðnaðarins ákváðu á árinu að styrkja námsefnisgerð í þeim greinum sem snerta iðnaðinn. Um er að ræða námsefni sem snertir hefðbundnar iðngreinar sem og aðrar greinar sem iðnaðurinn hefur þörf fyrir. Með þessu vilja Samtökin hvetja aðra, m.a. stjórnvöld, til að gera slíkt hið sama.

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að umrædd verkefni svari raunverulegri þörf fyrir náms- eða kennsluefni. Mikilvægt er að verkefni séu unnin í samvinnu við þá sem málið varðar, s.s. skóla, félög og fyrirtæki. Tryggt skal að námsefnið nýtist til kennslu í skólum og á vinnustöðum.

Helgi Magnússon, formaður SI afhenti styrkinn í fyrsta sinn í september 2006 og hlutu þrjú verkefni styrk að fjárhæð 4,7 milljónir króna.

IÐNÚ – bókaútgáfa hlaut fjögurra milljóna króna styrk til að láta þýða og gefa út grundvallarrit í málmíðngreinum sem á þýsku heitir Fachkunde Metall. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hlaut hálf milljón króna í styrk til útgáfu á ritinu Rakavarnarlög í húsbýggingum og Egill Þór Magnússon, framhaldsskólakennari, hlaut 200 þúsund krónur til útgáfu á námsefni í verklegum loftstýringum.

Í máli Helga Magnússonar kom fram að Samtökin hafa ákveðið að verja allt að 50 milljónum króna á næstu fimm árum til námsefnisgerðar. Auk námsefnisstyrks hefur stjórn Samtaka iðnaðarins ákveðið að verja árlega tiltekinni fjárhæð til nýbreytni í vinnustaðakennslu.

Hvað vantar líftæknina?

Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja, SÍL, hafa starfað frá árinu 2004 og nú eru níu fyrirtæki starfandi innan þeirra.

Árið 2006 fóru kraftar SÍL að mestu í verkefni sem er unnið með styrk frá AVS-rannsóknarsjóði. Samtökin hafa frá upphafi verið í samstarfi við AVS-rannsóknarsjóð en sjóðurinn hefur lagt áherslu á möguleika líftækni í fiskeldi og vinnslu sjávarafurða. Verkefnið er unnið með ráðgjöfunum Steve Dillingham og Rune Nilssen hjá StrateGro í Bandaríkjunum og Einari Þór Bjarnasyni hjá Intellecta. Í verkefninu er leitast við að svara spurningunni: Af hverju hefur ekki þróast öflugri líftækniiðnaður á Íslandi en raun ber vitni?

Mörg tækifæri

Niðurstaða þeirra, sem unnu verkefnið, er að á Íslandi séu mikil tækifæri til að byggja upp öflugan líftækniklasa. Hér er margt fyrir hendi sem til þarf, ekki síst náttúruauðindir, vel menntað fólk



og gróska í háskólaumhverfi. Hér eru nokkur efnileg fyrirtæki og það styrkir frekari uppbyggingu en gróskan gæti verið svo miklu meiri í þessari grein. Rætt var við fjölda aðila sem starfa með fyrirtækjunum eða innan þeirra, í háskólum, á rannsóknarstofnunum og í stuðningsumhverfi. Haldinn var áhuga-verður fundur hjá Samtökum iðnaðarins þar sem frumniðurstöður voru ræddar og fyrirtækjum gafst kostur á að koma með athugasemdir.

Peningar eru ekki allt

Í verkefninu er skoðað hvað aðrar þjóðir hafa gert til að byggja upp líftækni-klasa en slíkt gerist sjaldnast af sjálfu

sér. Þar sem best hefur tekist til hefur verið tekin ákvörðun á hæstu stigum um að byggja upp greinina. Því er fylgt eftir með fjármagni en peningar eru ekki nóg. Það er alveg jafn mikilvægt að byggja upp stuðningsumhverfi, gott aðgengi sprotafyrirtækja að ráðgjöf og þjónustu um rekstur, markaðsmál og einkaleyfi. Einnig er mikilvægt að efla samskipti háskóla og atvinnulífs. Í skýrslu verkefnisins er bent á ýmsar leiðir um hvernig megi bæta starfsumhverfi fyrirtækjanna og þar getum við lært af þeim sem hafa staðið frammi fyrir sömu spurningum og fundið leiðir til árangurs.

Menntadagur iðnaðarins 2006

Samtök iðnaðarins héldu Menntadag iðnaðarins í fjórða sinn í febrúar 2006. Á ráðstefnu í tilefni dagsins var fjallað um framkvæmd iðnnáms, námsefnisgerð og kynningu á iðn- og starfsnámi. Fyrirlesarar koma m.a. úr atvinnulífi, skólum og menntamálaráðuneyti.

Vilmundur Jósefsson, formaður SI, og þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra fluttu ávörp.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, greindi frá samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði sem og sérstöku átaki sem SI standa fyrir í námsefnisgerð og kynningu á iðn- og starfsmenntun.

Ólafur Grétar Kristjánsson, deildarsérfræðingur, ræddi hvernig tekist hefur til um framkvæmd iðn- og starfsnáms nú þegar 10 ár eru liðin frá setningu laga

um framhaldsskóla. Að hans mati hefur flest gengið eftir eins og ætlað var.

Jónína Kárdal, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa fjallaði um nýtilegar aðferðir við að kynna iðn- og starfsnám og Katrín Jónsdóttir, lærð í hárgreiðslu og núverandi nemi í grafískri miðlun, lýsti væntingum iðnnema til starfa í iðnaði. Að loknum erindum voru pallborðsumræður um æskilega þróun iðn- og starfsmenntunar til 2016. Þátttakendur voru Aðalheiður Héðinsdóttir (Kaffitár), Baldvin Ringsted (Verkmenntaskólinn á Akureyri), Erna Arnardóttir (Prentsmiðjan Oddi), Gyli Einarsón (Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins) og Jónína Ósk Lárusdóttir (nemi í grafískri miðlun). Stjórnandi umræðna var Ingi Bogi Bogason, sviðsstjóri SI. Tæplega 80 manns sóttu ráðstefnu dagsins.



Menntadagur iðnaðarins 2006
Iðn- og starfsmenntun
- Hvers má vænta?
Hvað hefur áunnist?

Samtök iðnaðarins er einn af fjögurum samráðsáttum milli SÍL, SI, Félags náms- og starfsráðgjafa og Prentsmiðjan Oddi. Þessi skýrsla er einn af fjögurum skýrslum sem eru gefnar út í tengingum við Menntadag iðnaðarins 2006. Hver skýrsla er höfð af einum af fjögurum samráðsáttum milli SÍL, SI, Félags náms- og starfsráðgjafa og Prentsmiðjan Oddi. Þessi skýrsla er höfð af SÍL.

Enn um iðnaðarmálagjaldið

Einu sinni enn hefur umræða um iðnaðarmálagjaldið skotið upp kollinum. Pétur H. Blöndal þingmaður lagði fram á haustþingi frumvarp um afnám gjaldsins. Rök hans hníga að því að gjaldið sé ólöglegt vegna þess að það feli í sér skylduaðild að Samtökum iðnaðarins og brjóti því gegn ákvæðum stjórnarskrár um félagafrelsi. Þá nefnir hann sérstaklega að Samtök iðnaðarins séu að vasast í málum eins og Evrópumálum og hafi á þeim skoðanir og því sé óeðlilegt að gjaldið renni til þeirra.

Ótvírætt lögmætt

Enn er ekki útséð um afgreiðslu frumvarpsins en Samtökin hafa sent ítarlega umsögn um málið þar sem forsendum þeim sem liggja til grundvallar frumvarpi Péturs er vísað á bug. Því til stuðnings er vísað til tveggja dóma hæstaréttar frá 1998 og 2005 sem hafa verið kveðnir upp í málum sem hafa verið höfðuð á sama eða svipuðum grundvelli og Pétur byggir frumvarp sitt á. Í báðum tilvikum var gjaldið dæmt lögmætt.

Ekki ástæða til aðgerða

Starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins gaf út skýrslu í desember um lögbundna gjaldtöku í þágu hagsmunasamtaka og félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Var starfshópnum komið á fót í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis þar sem fram kom að verulegur vafi léki á því hvort lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sem tryggja Landssambandi smábátæigenda rekstrarfé, uppfylli kröfur 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Í kjölfarið skipaði forsætisráðherra starfshóp til þess að leggja til viðbrögð við þessu álit og huga jafnframt að því hvort sömu sjónarmið ættu við um gjaldtöku í þágu félagasam-

taka í öðrum atvinnugreinum og var Páll Þórhallsson, lögfræðingur forsætisráðuneytinu formaður.

Hópurinn tók til skoðunar lagaákvæði sem helst koma til álita, þ.e. varðandi greiðslumiðlun í sjávarútvegi, búnaðargjald, iðnaðarmálagjald, markaðsgjald og tryggingagjald. Skemmst er frá því að segja að einu gjöldin, sem hópurinn telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við, eru iðnaðarmálagjaldið og markaðsgjaldið.

Kjarni málsins

Þótt iðnaðarmálagjaldið renni til Samtaka iðnaðarins, skal því varið í ákveðnum tilgangi samkvæmt lögum um gjaldið, en er ekki styrkur til Samtakanna. Ráðstöfun fjárens er háð eftirliti iðnaðararáðuneytisins, og Samtökin eiga að senda ráðuneytinu árlega skýrslu um hana. Ráðstöfun iðnaðarmálagjalds til Samtaka iðnaðarins felur ekki í sér skylduaðild að Samtökunum sem brýtur gegn ákvæðum stjórnarskrár um félagafrelsi.

Heildarskoðun

Lögmæti gjaldsins er því hafð yfir allan vafa. Það verður því ekki afnumið á þeim forsendum.

Samtök iðnaðarins hafa hins vegar lýst sig fús til þátttöku í endurskoðun þessara mála á þann veg að beinar fjárveitingar og markaðir tekjustofnar til einstakra atvinnugreina, stéttarféлага og hagsmunasamtaka þeirra verði skoðaðir í heild. Hins vegar er algerlega óásættanlegt að svipta iðnaðarmála-

gjaldi af án fyrirvara og án samhengis við það sem gert er á öðrum sviðum, eins og frumvarp Péturs H. Blöndal gerir ráð fyrir.

Staðall um rafræn innkaup

Fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum hafa unnið að sameiginlegum staðli fyrir rafræna reikninga. ICEPRO hefur tekið þátt í þessari vinnu fyrir hönd Íslands. Samtök iðnaðarins ásamt fleirum hafa styrkt verkefnið fjárhagslega.

Verkefnið kallast NES (Northern European Subset) og er tilgangur þess að einfalda kaupendum og birgjum rafræn innkaup, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Þátttökulöndin hafa greint brýna þörf fyrir opinn XML-byggðan staðal sem tekur til innkaupaferlisins alls, allt frá vörulista til reiknings. Slíkur staðall er frumskilyrði þess að hægt sé að nýta til fulls kostna sem felast í rafrænu innkaupaferli. NES telur að opni alþjóðlegi staðallinn um rafræn innkaup, UBL 2.0 frá OASIS, sé sá staðall sem nú getur gert þetta kleift.

Löndin í NES eru að innleiða norræna notkun UBL 2.0 með það markmið að byggja upp almennan vettvang fyrir rafræn innkaup. Leiðbeiningar um innleiðingu, viðskiptareglur og ferli sýna hvernig þátttökulöndin áætla að nota UBL og er að finna á vefsetri NES, www.nesubl.eu.

Fyrirtækjaklasar í Eyjafirði

Samtök iðnaðarins eru þátttakendur í Vaxtarsamningi Eyjafjarðar en Skrifstofu atvinnulífsins á Norðurlandi hefur verið falið að sinna verkefninu fyrir þeirra hönd. Aðild að verkefninu eiga, auk skrifstofunnar, iðnaðarráðuneytið, Iðntækni- stofnun, Byggðastofnun, Akureyrarbær, Útflutningsráð Íslands, KEA, stéttarfélagin á svæðinu og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar. Verkefnið hófst í byrjun árs 2005 og því lýkur í árslok 2007.

Úr smiðju Finna

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar hefur séð um framkvæmdastjórn verkefnisins en það miðar að því að styrkja og efla þá þætti atvinnulífsins á svæðinu sem vænlegastir eru til vaxtar. Leitað var í smiðju Finna við undirbúning verkefnisins og er unnið út frá hugmyndafræði um samstarf fyrirtækja innan tiltekinnna klasa. Þungamiðja verkefnisins felst í vinnu við fjóra klasa þ.e. matvælaklasa, ferðapjónustuklasa, mennta- og rannsóknaklasa og heilbrigðisklasa. Á vegum Vaxtarsamningsins er unnið að fjölmörgum verkefnum sem öll miða að því að styrkja og efla atvinnulíf á svæðinu. Sjá nánar á www.klasar.is.

Matvælafyrirtæki taka frumkvæði

Eitt fyrsta verkefnið, sem unnið var að innan matvælaklasans, var úttekt á umhverfisþáttum svæðisins með tilliti til matvælaframleiðslu. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að ekki mætti lengur við svo búið standa varðandi frágang sorps í Eyjafirði. Fyrirtækin hafa mörg hver mótað sér tiltekna umhverfisstefnu sem þau vinna eftir og samkvæmt henni á allur framleiðsluferillinn að fylgja tilteknum stöðlum. Þar er frágangur sorps og endurvinnsla engin undantekning.

Jarðgerðarstöð

Undir forustu Norðlenska matborðsins ehf. ákváðu fyrirtækin að leggja sitt af mörkum til að tryggja að sómasamlega verði staðið að þessum málum í framtíðinni. Kannaðir voru ýmsir kostir og varð niðurstaðan sú að hagkvæmasta lausnin væri fólgin í að koma á fót fullkominni jarðgerðarstöð sem gæti unnið allan lífrænan úrgang sem til fellur í Eyjafirði. Með fullkominni jarðgerðarstöð ættu umhverfisvandamál tengd úrgangi matvælafyrirtækja að heyra sögunni þar sem stöðin getur tekið við nær öllum sláturúrgangi og aðeins ör- lítill hluti þess, sem þar fellur til, þarf aðra meðhöndlun. Stöðin leysir því ekki aðeins vanda matvælafyrirtækjanna heldur einnig sveitarfélaganna í Eyjafirði.

Stofnaður hefur verið undirbúningshópur fyrirtækja í matvælaframleiðslu, umhverfisþjónustu og sveitarfélaga sem vinnur að því að koma verkefninu í höfn. Gangi allar áætlanir eftir er stefnt að því að stærstur hluti þess úrgangs, sem til



fellur í Eyjafirði, verði annaðhvort jarðgerður eða endurun-
ninn á annan hátt innan skamms.

Starfsmannabreytingar



Sigurður B. Halldórsson, lögfræðingur, hóf störf hjá SI í byrjun júní en fyrrum lögfræðingur Samtakanna, Kristrún Heimisdóttir, lét af störfum á sama tíma og starfar nú á lögmannsstofunni LEX. Samtökin þakka Kristrínu mikið og gott starf síðastliðinn 5 ár.

Sigurður starfaði á Acta lögmanns- stofu sem einn af eigendum stofunnar en áður sem lögfræðingur hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. Sigurður lauk námi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2001. Hann öðlaðist réttindi til mál- flutnings fyrir héraðsdómi árið 1998 og síðan fyrir Hæstarétti árið 2005. Auk þess að veita félagsmönnum lögfræðilega ráðgjöf starfar Sigurður jafnframt sem tengiliður við félög, fyrirtæki og einstaklinga í þjónustuiðnaði hjá Sam- tökum iðnaðarins.

Nýir félagsmenn 2006

Í upphafi árs voru félagsmenn 1.091 en 1.134 í árslok og hafði fjölgað um 43 á árinu.

Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 17 fyrirtækjum beina aðild á liðnu ári og eru þau þessi:

Vestfirskir verktakar ehf.

Innn hf.

Burkney ehf.

Verktaka og ráðgjöf ehf.

Ingileifur Jónsson ehf.

Norðurál ehf.

Hraðhreinsun Austurlands ehf.

Greind ehf.

Loftorka-Borgarnesi ehf.

Stjörnu-Oddi hf.

Microsoft á Íslandi ehf.

Berglín ehf.

ICEFOX á Íslandi ehf.

G.V. Gröfur ehf.

Henson hf.

Aflbinding ehf.

Launafl ehf.

Þá hafa margir félagar bæst í hópinn hjá aðildarfélögum Samtaka iðnaðarins sem eru fjölmörg. Rétt er að benda á að félagatal Samtaka iðnaðarins er að finna í heild sinni á vefsetri þeirra.

Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sex sem voru næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA. Eftir Iðnþing 2006 er ráðgjafaráðið þannig skipað:

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi:

Bolli Árnason, GT Tækni ehf.

Helgi Jóhannesson, Norðurmjólk ehf.

Jakob K. Kristjánsson, Prokaria ehf.

Karl Þráinsson, Íslenskir aðalverktakar hf.

Sveinbjörn Hjálmarsson, Umslag ehf.

Vigfús Kr. Hjartarson, Bakaramestarinn ehf.

Gúmmí-, plast, fata- og leðuriðnaður:

Guðmundur Gunnarsson, Hampiðjan

Heilbrigðistækniíðnaður og líftækni:

Einar Mäntylä, ORF líftækni ehf.

Hafrún Friðriksdóttir, Actavis hf.

Hörður Þórhallsson, Actavis hf.

Snorri Þórisson, Rannsóknþjónustan Sýni ehf.

Þóra Björg Magnúsdóttir, Lyfjabróun hf.

Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Anton Bjarnason, Glerborg ehf.

Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.

Haraldur Sumarliðason, byggingameistari

Hermann Óli Finnsson, Málarameistarafélag Reykjavíkur

Sigurður R. Helgason, Björgun ehf.

Stefán Friðfinnsson, Íslenskir aðalverktakar hf.

Stefán Jónsson, Meistaraf. bygg.manna á N-landi.

Þorkell Gunnarsson, Félag skruðgarðyrkjumeistara

Matvæla-, fóður- og drykkjarvöruíðnaður:

Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðin

Guðlaugur Björgvinsson, Mjólkursamsalan

Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf.

Magnús Ólafsson, Osta- og smjörsalan sf.

Sigurður Jóhannesson, Sölufélag Austur-Húnvetninga

Málmiðnaður:

Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan ehf.

Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.

Magnús Aadnegard, Véla- og skipaþjónustan Framtak ehf.

Þröstur Hafsteinsson, Þ.H. blick hf.

Prent- og pappírsiðnaður:

Kristþór Gunnarsson, Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Sverrir Brynjólfsson, Svansprent ehf.

Þorgeir Baldursson, Prentsmiðjan Oddi hf.

Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjónó ehf.

Örn Jóhannsson, Morgunblaðið Árvakur hf.

Raf-, rafeinda- og hugbúnaðariðnaður:

Guðmar Guðmundsson, TM Software

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.

Stóriðja:

Helgi Þórhallsson, Íslenska járnblendifélagið hf.

Ragnar Guðmundsson, Norðurál

Rannveig Rist, Íslenska álfélagið hf.

Tómar Már Sigurðsson, Alcoa Fjarðarál

Þjónustuiðnaður:

Leifur Jónsson, Skartís ehf.

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins



Sveinn Hannesson
frankvæmdastjóri
Yfirstjórn
Fjármál
Félagatengsl



Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarfram-
kvæmdastjóri
Starfsskilyrði
Alþjóðamál
Lyfja- og
líftækniyfirtækni



Árni Jóhannsson
Mannvirki
Verktakar
Opinber innkaup
Útboðsmál
Samgöngur



Ásgeir Magnússon
Skrifstofa
atvinnulífsins á
Akureyri



Bjarni Már Gylfason
Hagtölur
Efnahagsmál
Starfsskilyrði
Stóriðja



Bryndís Skúladóttir
Orku- og
umhverfismál
Líftækni iðnaður
Efnaiðnaður



Brynjar Ragnarsson
Markaðsmál
Kynningarmál
Hönnunarmál



Dagmar E. Sigurðardóttir
Bókari
Álagning félagsgjalda
Innheimta



Davíð Lúðvíksson
Nýsköpun
Framleiðslutækni
Staðlar
Heilbrigðistækni
Samtök
sprotayfirtækja



Eyjólfur Bjarnason
Byggingariðnaður
Mannvirki
Meistarafélög
Útboðsmál



Ferdinand Hansen
Plastiðnaður
Landssamband
veiðarfæragerða
Gæðakerfi
Gæðamál SI



Friðrik Ólafsson
Meistarafélag
iðnaðarmanna í
Hafnarfirði



Guðmundur Ásmundsson
Samtök
fyrirtækja í
upplýsingatækni
Upplýsingasam-
félagið



Haraldur D. Nelson
Prentiðnaður
Upplýsinga- og
tölvumál
Fjölmíðlatengsl



Ingi Bogi Bogason
Menntamál
Starfsþróun



Ingólfur Sverrisson
Málmiðnaður
Félag
blíkksmiðjueigenda
Málmur



María Hallbjörnsdóttir
Gjaldkeri
Félagatal
Aðstoð við
aðildarfélög SI



Ragnheiður Héðinsdóttir
Matvæla- og
fóðuriðnaður
Landssamband
bakarameistara



Sigurður B. Halldórsson
Lögfræðiráðgjöf
Samkeppnismál
Fyrirtækjalöggjöf
þjónustuiðnaður



Valdis Axfjörð
Afgreiðsla
Símvavarsla



Þóra Guðmundsdóttir
Afgreiðsla
Símvavarsla
Innheimta



Þóra Kristín Jónsdóttir
Málfarsráðgjöf
Greinaskrif
Fjölmíðlatengsl



Þóra Ólafsdóttir
Fréttabréf
Útgáfumál
Afgreiðsla

Helstu lög er varða iðnað sett á árinu 2006

- Lög nr. 175/2006 vörugjald og virðisaukaskattur (lækkun matarskatts)
- Lög nr. 169/2006 olíugjald og kílómetragjald o.fl. (refsiákvæði og tímabundin lækkun olíugjalds)
- Lög nr. 153/2006 gatnagerðargjald (heildarlög)
- Lög nr. 108/2006 samningur milli Íslands, Danmerkur og Færeyja (sameiginlegt efnahagssvæði)
- Lög nr. 105/2006 umhverfismat áætlana
- Lög nr. 104/2006 náttúruvernd (efnistaka úr gömlum námum)
- Lög nr. 91/2006 mælingar, mæligrunnar og vigtarmenn (heildarlög, EES-reglur)
- Lög nr. 87/2006 lausafjárkaup, þjónustukaup og neytendakaup (kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa)
- Lög nr. 81/2006 olíugjald og kílómetragjald o.fl. (framlenging á lækkun olíugjalds)
- Lög nr. 68/2006 Matvælarannsóknir hf.
- Lög nr. 55/2006 vinnumarkaðsaðgerðir (heildarlög)
- Lög nr. 25/2006 stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins
- Lög nr. 24/2006 faggilding o.fl.
- Lög nr. 23/2006 upplýsingaréttur um umhverfismál (EES-reglur)
- Lög nr. 21/2006 atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES og atvinnuréttindi útlendinga (ríkisborgarar nýrra aðildarríkja)
- Lög nr. 9/2006 höfundalög (EES-reglur)
- Lög nr. 5/2006 rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu (vatnsaflsrannsóknir, leyfi o.fl.)

Helstu umsagnir Samtaka iðnaðarins um lagafrumvörp árið 2006

- Frumvarp til breytinga á lögum um Landsvirkjun, 364. mál og frumvarp til breytinga á lögum á orkusviði, 365. mál
- Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, 416. mál
- Frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum, 730. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum, 71. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004 um olíugjald, 357. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald, 794. mál
- Frumvarp til laga um brottfall laga um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, með síðari breytingum, 16. mál
- Frumvarp til laga um gatnagerðargjald, 219. mál
- Frumvarp til laga um opinber innkaup
- Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 280. mál
- Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, 392. mál
- Frumvarp til samkeppnislaga, 590. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, 66. mál



Útgefandi Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

Ritstjórn: Jón Steindór Valdimarsson

Ljósmyndir: Odd Stefán, Jóhannes Long, Kristján Maack

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.